

SKAGFIRÐINGABÓK

Rit Sögufélags Skagfirðinga
2014



SKAGFIRÐINGABÓK

RIT
SÖGUFÉLAGS
SKAGFIRÐINGA

35

Ritstjórn

GÍSLI MAGNÚSSON
HJALTI PÁLSSON
SIGURJÓN PÁLL ÍSAKSSON
SÖLVI SVEINSSON

SAUÐÁRKRÓKUR
2014

EFNI:

<i>Æviminningar</i> eftir Valgerði Guðrúnu Sveinsdóttur frá Felli	Bls.	6
<i>Af Þórunni Jónsdóttur og Hrafni Brandssyni</i> eftir Önnu Dóru Antonsdóttur	–	63
<i>Yfir Atlantshafið í skipalest</i> eftir Jón R. Hjálmarsson	–	81
<i>Ég sat einungis einn heilan vetur á skólabekk</i> <i>Dr. Jakob Benediktsson tekinn tali vorið 1997</i> Hjalti Pálsson frá Hofi skráði og bjó til prentunar	–	101
<i>Minningabrot frá bernskutið</i> eftir Ólaf Björn Guðmundsson	–	123
<i>Guðrún Ólafsdóttir á Bjarnastöðum</i> <i>Leiðréttingar – og viðauki</i> eftir Halldór Ármann Sigurðsson	–	134
<i>Gáta</i> eftir Sigurð Jónsson í Hróarsdal	–	140
<i>Saga af sleða</i> eftir Guðbrand Þorkel Guðbrandsson og Hjalti Pálsson frá Hofi	–	142
<i>[Ó]skilgetnar dætur þjóðarandans</i> eftir Sæbjörgu Freyju Gísladóttur	–	164
<i>Tejo strandar við Almenningsnef</i> eftir Hjalti Pálsson frá Hofi	–	177



Valgerður Guðrún Sveinsdóttir ung stúlka.

Einkaeign.

VALGERÐUR GUÐRÚN SVEINSDÓTTIR
FRÁ FELLI Í SLÉTTUHLÍÐ

ÆVIMINNGAR

Það var snemma árs 1977 að Þjóðminjasafnið skrifaði gamlingjum landsins, sem voru 67 ára og eldri, og það þá að skrá æviminningar sínar til fróðleiks og skemmtunar fyrir eftirkomendur. Þjóðminjasafnið bað einnig um lýsingar á húsakynnum og að gerð yrði grein fyrir daglegu lífi um aldamótin 1900. Ein þeirra sem sem brugðust vel við var Valgerður Guðrún Sveinsdóttir frá Felli í Sléttuhlíð. Valgerður, sem var fædd árið 1895, var hagsýn og atorkusöm kona sem stjórnaði heimili sínu með elskulegri röggsemi. Í hennar augum voru ritstörf og bókalestur tímasóun, en bækur þó leyfilegar ef maður gat þrjónað við lesturinn. Það þótti því tíðindum sæta innan fjölskyldunnar þegar hún settist við skriftir, þá 81 árs gömul. En hér var verkefni sem höfðaði til hennar og hún léysti það hratt og skipulega – eins og hún var vön. Hún vaknaði snemma og þáraði minningarnar á pappír sem dóttir hennar, Jódís Jónsdóttir sótti, ritskoðaði og vélritaði. Ólafur Jóhann Sigurðsson rithöfundur og tengdasonur Valgerðar las yfir og ritstýrði. Hún var stundum kölluð „stórveldið“ innan fjölskyldu af því að hún var stjórnsöm og gerði kröfur. Hún kallaði bókhneigð „hjärtveiki“, en staðreyndin er að þessi „hjärtveiki“ töfraði hana, eins og sjá má af því að mennirnir sem hún elskaði og giftist, Jón Árnason og Páll Sigurðsson, voru skáldmæltir, skemmtilegir og gáfaðir bókaormar. Endurminningarnar sýna hennar eigin „hjärtveiki“, en líka að hér er á ferð kona með sjálfsvirðingu og sjálfsviðleitni, sem er stolt af eigin lífi og sögu og að hún ætlar ekki að gleymast undir torfu, heldur vill skilja eftir sig ummerki sem standast tímans tönn. — Valgerður dó í Reykjavík 10. nóvember 1983.



Jódís Jónsdóttir, f. 1927, sú sem endurritaði eftirfarandi frásögn móður sinnar.

Eigandi myndar: Kristveig Björnsdóttir.

Valgerður Guðrún Ólafsdóttir.

ÉG ER FÆDD að Felli í Sléttuhlíð, Skagafirði, þann 8. desember 1895. Foreldrar mínir voru Sveinn Árnason útvegsbóndi og hreppstjóri, fæddur 7. júlí 1864, dáinn 16. júní 1936, og kona hans Jörunn

Steinunn Sæmundsdóttir, fædd 12. júlí 1865, dáið 10. desember 1903. Faðir minn var sonur Árna Þorleifssonar bónda og hreppstjóra á Ysta-Mói í Fljótum, Skagafirði, og konu hans Valgerðar

Þorvaldsdóttur ríka á Dalabæ. Auk ríkisdæmis fóru miklar sögur af þeirri ætt fyrir hreysti og sjómennsku. Árni og Valgerður bjuggu miklu búi á Ysta-Mói og voru talin stórrík. Meðal barna þeirra má nefna Pál bónda og hreppstjóra, sem tók við föðurleifð sinni, og Steinunni, sem giftist Jóni Jónssyni hreppstjóra á Hafsteinsstöðum í Skagafirði. Þeirra sonur var Árni bóndi í Vík, sem tók upp ættarnafnið Hafstað.

Foreldrar móður minnar voru Sæmundur Jónsson bóndi í Haganesi, og kona hans, Björg Jónsdóttir, Eiríkssonar prests á Undirfelli í Húnavatnssýslu. Systur hennar voru Katrín, sem gift var séra Jóni Norðmann á Barði í Fljótum, Guðrún móðir Bjargar Jósefinu Sigurðardóttur, móður Sigurðar Nordals, og Margrét móðir Jóns Þorlákssonar, Magnúsar á Blikastöðum og þeirra systkina. Þær voru komnar í beinan

kvenlegg af Finni biskupi Jónssyni í Skálholti.

Sæmundur og Björg bjuggu góðu búi í Haganesi, og var heimilið annálað fyrir rausn og myndarskap. Björg var mikil búkona og hannyrðakona. Hún var hagsýn og vann mikið, var t.d. sjálf við öll búverk og gekk út milli mála eins og aðrar bændakonur á þeim tíma, en við slíku var ekki búist af prestsdætrum. Ekki var auðgert að ná vinfengi hennar, en sagt var að hún brygði ekki vináttu við neinn. Hún þótti ekki útausandi, en jafnan var gert það sem hún gerði, og hún var fátækum góð.

Í endurminningabók Hólmfríðar Hjaltason, *Tvennir tímar* (1949), er saga um þessa ömmu mína, sem lýsir henni vel. Hólmfríður var alin upp á hrakningi og í sárustu fátækt. Um fermingaraldir tók faðir hennar hana til sín, en hann var þurrabúðarmaður og bjó í litlum bæ



Sveinn Árnason og Jórunn Sæmundsdóttir í Felli, foreldrar Valgerðar.

Einkaeign.

í Haganesi. Hann var fátækur og hafði mikla ómegð. Börnin voru 14 alls. Þegar leið að fermingu Hólmfríðar, kallaði Björg á hana inn í bú og sagði:

„Það verður víst ekki mikið hugsað fyrir fermingunni þinni, hróði mitt.“

Hólmfríði varð heldur svarafátt. Hún hafði mikið hugsað um ferminguna og kviðið því, að hún yrði fátæklegust til fara af fermingarbörnunum.

„Ég skal lána þér brúðarkjólinn minn,“ sagði þá Björg. „Hann mun vera mátulegur á þig, við erum báðar litlar.“

Er ekki að orðlengja það að Hólmfríður fermdist í ríkmannlegu brúðarskarti Bjargar og reið hesti hennar, hinum mesta kostagrip, til kirkjunnar.

Björg og Sæmundur áttu þrjár dætur, móður mína, Sigurlaugu og Björgu. Einn son áttu þau, sem hét Jón, en hann dó um tvítugt. Einnig ólu þau upp eina fósturdóttur, Sigrúnu Rögnvaldsdóttur, sem var systurdóttir Sæmundar. Móðir hennar var glæsikona mikil og átti þrjá menn, en missti þá alla í sjóinn. Björg hafði mikið dálæti á Sigrúnu og gerði betur við hana en dætur sínar. Hún var eitt sinn að því spurð, hvers vegna það væri, og svaraði þá snöggt eins og hennar var vandi: „Það er af því, að ég á hana ekki.“ Sigrún giftist síðar dönskum manni. Þau fluttust til Skotlands og bjuggu lengi í Glasgow.

Sæmundur dó árið 1885 og fluttist þá Björg að Minna-Grindli í Fljótum. Foreldrar mínir gengu í hjónaband árið 1890 og bjuggu fyrst hjá Björgu, meðan þau voru að svipast um eftir jarðnaði. Hún var ráðholl kona og ráðlagði tengdasonum sínum, Kristjáni Jónssyni, sem var giftur Sigurlaugu, og föður mínum að kaupa jarðir, þar sem útræði var, því að sjórinn myndi sjá fyrir að ekki

yrði sultur á heimilum þeirra. Þetta var ekki að ófyrirsynju. Fátækt var mikil í Fljótum á þessum árum, en þó voru allir bjargálma, sem gátu sótt sjó. Harðindin og skorturinn á árunum upp úr 1880 voru líka enn í fersku minni. Þeir fóru að ráðum hennar, Kristján keypti Lambanes, sem stendur við Miklavatn í Fljótum, en þar var silungsveiði mikil.

Föður minn þurfti ekki að eggja. Hann var fæddur sjómaður, hafði verið á hákarlaveiðum hjá föður sínum, sem gerði út frá Mósvík. Síðar fór hann á námskeið í stýrimannafræðum og stjórnaði skipum föður síns. Hann keypti Fell í Sléttuhlíð, fluttist þangað vorið 1891 og bjó þar til dauðadags. Fell hafði verið prestssetur og kirkjustaður frá ómunatíð. Má m.a. nefna að Hálfðan Narfason galdraprestur sat þann stað. Fell var ekki í kirkjueign. Síðasti presturinn sem bjó þar, var séra Pálmi Þoroddsson. Hann tók að sér að þjóna kirkjunni á Hofi, Hofshreppi, ásamt Fellskirkju, og fluttist að Höfða í Hofshreppi.

Foreldrar mínir eignuðust sex börn, en þrjú dóu í bernsku, tvö úr barnaveiki og eitt úr kíghósta. Þau sem upp komust, voru Sveinn, fæddur 1891, ég, fædd 1895, og Björg, fædd 1899. Björg móðursystir mín, missti ung mann sinn og fluttist þá í Fell með dóttur sína Kristínu Jónsdóttur, sem var okkur eins og systir og er það enn. Hún er jafngömul Sveini.

Ég man fyrst eftir mér, þegar ég var tæpra fjögurra ára gömul. Það var seint í ágúst árið 1899. Torfbær var í Felli, þegar faðir minn keypti jörðina, en hann hófst handa að byggja nýtt timburhús, sem stóð við hlið gamla bæjarins, en kirkjan var fyrir framan bæinn og stutt á milli. Nýja húsið var nærri fullgert þennan ágústdag

og foreldrar mínir fluttir í það með okkur börnin, en vinnufólkið svaf enn í gamla bænum. Fólkið var allt á engjum alllangt frá bænum og móðir mín að færa því kaffi. Gömul kona var heima að gæta okkar barnanna. Við Sveinn og Kristín vorum í berjamó, en Björg, sem þá var nýfædd, svaf í nýja húsinu. Gamla konan var í torfbænum að elda graut, þegar kviknaði í reykháfnunum og eldurinn breiddist fljótt út. Gömlu konunni varð það fyrst fyrir að bjarga grautnum, sem átti að vera til kvöldverðar, og bar pottinn út á hlað. Síðan hljóp hún inn aftur, greip leirtau og annað lauslegt og kom því út, en gleymdi sofandi barninu.

Fólk dreif að af næstu bæjum og bjargaði barninu, sængurfötum og klukku úr nýja húsinu, en allt annað brann til kaldra kola. Kirkjan sviðnaði, en brann ekki. Það eina, sem skemmdist í

henni, var forláta ljósahjálmur úr mislitu gleri, sem björgunarmenn fleygðu út, en hann fór auðvitað í þúsund mola. Ef fleira hefði verið lauslegt í kirkjunni, hefði það farið sömu leið.

Faðir minn hafði verið í kaupstaðarferð og var á leið heim. Hann sá reykin langt að og hraðaði för sinni sem mest hann mátti. Brátt hitti hann fólk, sem sagði honum hvernig komið var og bar sig aumlega fyrir hans hönd. Hann spurði þá, hvort heimilisfólkið hefði bjargast. Þegar honum var sagt að svo hefði verið, sagði hann: „Yfir hverju er þá verið að kvarta?“

Páll á Ysta-Mói, föðurbróðir minn, kom síðan og sótti mig og systur mína, en Sveinn var sendur til Siglufjarðar á barnaskóla og var þar um veturinn. Fullorðna fólkið hafðist við í fjárhúsi. Björg móðursystir mín, fór til Ameríku til tengdamóður sinnar, sem þar bjó, með



Fell í Sléttuhlíð um miðja 20. öld. Hér stendur kirkjan frá tíð Valgerðar og íbúðarhúsið sem Sveinn faðir hennar byggði eftir brunann 1899. Í baksýn er bærinn Skálá upp með gílinu sem Skáláin hefur myndað á leið sinni ofan af Skálárdal. Staka húsið suður og niður frá bænum er skólahúsið. Skálárhnjúkur rís hæst suður og upp frá bænum.

Ljós. Páll Jónsson. Eigandi myndar: HSk.

Kristínu. Faðir minn fór til Reykjavíkur og keypti þar efni í nýtt timburhús, og það varð fokhelt fyrir jól. Þetta hús stendur enn (1977) og hefur verið búið í því fram á þennan dag.

Í húsinu eru þrjár stofur á neðri hæð. Ein stofan var kölluð ömmustofa, en þar var rúm Bjargar ömmu minnar, sem fluttist í Fell um þetta leyti og bjó þar síðan til dauðadags. Annað rúm var í ömmustofu, en þar sváfum við Björg systir mín saman. Síðan var stofa föður míns, sem einnig var borðstofa, enda mjög gestkvæmt í Felli. Þar var skrifborð, þar sem hann geymdi öll sín gögn, en hann var hreppstjóri í 36 ár og sýslunefndarmaður og oddviti á tímabili. Fljótlega kom þar einnig símsstöð og póstafgreiðsla. Þriðja stofan var kölluð stásstofa. Þar voru rauðar plussmublur, hár skápur með skúffum og stór spegill með litlu borði undir. Þennan spegil á ég enn. Þessi stofa var notuð þegar heldri menn komu í heimsókn, sýslumaður að þinga og aðrir embættismenn. Þar voru geymdir vindlar og vín, sem veitt var við þessar gestakomur. Eldhús og búr voru einnig á hæðinni. Eldað var á eldavél, sem brenndi mó og timbri. Ofnar voru í ömmustofu og pabbastofu, sem einnig brenndu mó og timbri, en enginn í stásstofunni. Þar var brjóstbirtan látin duga.

Úr eldhúsinu var gengið upp á loft, en þar var kvistherbergi, sem var hjónaherbergi, og þrjú svefnherbergi, þ.e. piltaherbergi, en þar svaf Sveinn bróðir minn og vinnumenn, stúlknaherbergi, þar sem vinnukonurnar sváfu, og gesta-herbergi. Einnig var þar geymsla, sem kölluð var dimmakompa, og önnur

geymsla. Kjallari steinsteyptur var undir húsinu. Þar var geymd mjólk, súrmatur og önnur matvæli, einnig eldiviður. Seinna var byggður skúr við húsið fyrir reiðtygi og amboð.

Á heimilinu voru venjulega þrír vinnumenn og þrjár vinnukonur og verkefni skorti ekki. Pabbi var mikill og heppinn sjósóknari, og var alltaf róið þegar gæftir voru. Hann var líka mikill smiður bæði á tré og járn, enda smiðaði hann skip sín og báta að mestu leyti sjálfur. Minnisstæðast þessara skipa er mér áttæringur, sem hét Farsæll, líklega um 10 tonna skip. Rúff eða skýli var fram í skipinu og eldavél þar í, svo sjómenn gátu borðað þar inni við hlýju frá vélinni. Aftur í var svo annað rúff, en minna og aðeins notað til geymslu veiðarfæra o.fl. Lifrarkassi var miðskip. Róið var báðum megin með stórum árum þegar logn var, en yfirleitt voru notuð segl. Var þá slagað eða „krusað“ eins og sagt var, þar til heimahöfn eða áfangastaður náðist. Farsæll var gerður út frá Árósmöl.¹ Farsæll var mikið happaskip, en það átti fyrir honum að liggja, eins og öðrum, að eldast. Pabbi seldi hann þá Poppverslun á Sauðárkróki og átti að nota hann til uppskipunar á vörum. En margt fer öðruvísi en ætlað er. Farsæli var lagt á Sauðárkrókhöfn, en stuttu síðar kom sunnan rok og sleit hann upp. Hann rak út Skagafjörð þar til hann kom á Árósmöl. Þar brotnaði hann í spón. Hann var kominn heim.

Þeir sem voru með pabba á sjó, sögðu að allt léki í höndum hans, þegar veður voru vond, og þá sérstaklega stjórn undir seglum. Skipin voru þá eins og

1 Árósmöl er við ós Hrolleifsdalsár, sem afmarkar land Fells að sunnan.



Árósmöl í Sléttublið, útróðrarstaður Sléttbliðinga. Þaðan reri m.a. Sveinn í Felli.

Ljós m.: Hjalti Pálsson.

lifandi verur í höndum hans. Hann var einnig mjög ratvís og veðurglökkur. Eitt sinn lágu þrjú skip fram í djúpi, vestur af svokölluðum Hausum. Þeir voru í vitlausum hákarli. Allt í einu skipar pabbi að hafa upp og leysa, og kallar í hina skipstjórana og segir þeim, að það sé að koma sunnan rok. Síðan siglir hann í land, en hinum skipstjórunum þótti illt að fara frá mikilli veiði. Rokið kom. Annar skipstjóranna treysti sér ekki að sigla í land, en lá við stjóra undir mikilli ágjöf þar til veðrið lægði, en hinn hleypti til Siglufjarðar.

Eitt sinn heyrði pabbi um landburð af fiski í Ísafjörðardjúpi og fannst tilvalið að fara vestur á Ísafjörð til sjóróðra þar. Hann fór á sexæringi og hafði með sér tvo menn, annan þaulvanan og lipran sjómann, en hinn viðvaning. Þetta var á góu. Þeir sigldu í góðu leiði vestur yfir

Skagafjörð og Húnaflóa, en þegar þeir komu vestur að Ströndum, skall á norðan hrið. Þabba fannst óráðlegt að sigla fyrir Horn, og ræður því af að snúa austur aftur. Veður versnaði og sjór gekk upp. Þeir fengu á sig eitt eða tvö áföll, og í heilan sólarhring sáu þeir ekki til lands. Þeir voru áttavitalausir eins og vanalegt var á þeim árum. Hásetarnir höfðu nóg að gera, annar gætti segla og hinn jós. Pabbi stóð við stýrið og fór ekki frá því í þau þrjú dægur, sem þeir voru á siglingu. Allt í einu kallaði hann til hásetanna og biður þá að gæta vel fram, því að þeir nálgist nú land. Rétt á eftir sáu þeir upp í Kaldbakinn á Málmey og voru þá nærri komnir heim.

Þótt faðir minn væri vanur hákarla-veiðum, stundaði hann þær lítt í Felli. Aflinn var mestmegnis ýsa, lúða og þorskur, sem var saltaður og hertur til sölu. Þetta gaf meira af sér en búskapurinn,

enda var hann meira gefinn fyrir sjósókn en búskap. Búpeningur var hafður í þrennu lagi, sauðir í Gjávík, ær í Melkoti og lömb, hross og kýr heima. Mikinn mannskap þurfti til að huga að þessu öllu og heyja handa því, auk vinnunnar við útgerðina. Fært var frá fram til 1916. Við börnin vorum látin sitja yfir ánum og þótti það afar leiðinlegt verk.

Mikil vinna var að vinna úr mjólkinni. Selt var smjör og skyr og mikið notað af mjólkurmat á heimilinu sjálfu. Móðir mín var myndarleg og hagsýn búkona og stjórnaði heimilinu vel. Hún hafði lært fatasum á Akureyri og saumaði fót heimilisfólksins. Vinnukonurnar þjónuðu vinnumönnunum, og hafði hver vinnumaður sína þjónustu, sem dró plögginn af honum og þvoði þau og þurrkaði. Vart hefði þetta fallið rauðsokkum nútímans í geð, því að þessi þjónustubrögð voru gjarnan unnin í frítíma kvennanna og á sunnudögum. En þetta var ungt fólk, og menn litu gjarnan hjórt til þjónustunnar sinnar, ef hún var góð. Stundum urðu úr þessu pör, sem entust vel og lengi.

Bókakostur var góður í Felli og faðir minn las Íslendingasögurnar á hverjum vetri. Síðar kom lestrarfélag, og er mér sérstaklega minnisstæð bókinn *Barn náttúrunnar*, sem ég fékk að láni þar. Faðir minn keypti öll blöð, sem út komu. Hann var mikill sjálfstæðismaður og einstefnumaður í pólitík. Ég held að flestir í sveitinni hafi verið sama sinnis, því að eftir höfðinu dansa limirnir. Kvöldvökur voru ekki haldnar í Felli að staðaldrí og húslestrar ekki lesnir nema á stórhátíðum. Messað var annan hvern sunnudag, og hefur það eflaust þótt nógur skammtur af guðrækninni. Amma mín las þó alltaf

húslestur fyrir sig eina þann sunnudag, sem ekki var messað, enda var hún prestsdóttir.

Að fyrstu bernskuminningu minni sleppti leið bernskan tíðindalítið fram til 8. desember 1903. Þá varð ég átta ára. Móðir mín hélt mér góða veislu, og þetta var mikill gleðidagur. Tveimur dögum síðar, eða 10. desember, vaknaði ég við það í ömmustofu, að móðir mín stóð og var að greiða sér. Hún hafði mikið og fagurt hár. Hún hafði lokið við að greiða helming hársins, þegar hún skyndilega hætti og engdist af kvölum. Hún gekk fram og við heyrðum mikinn ys og þys. Hún var látin um hádegi. Strax hafði verið sent eftir lækni, en stórhrið var mikil og hún var dain áður en hann kom. Enginn vissi hvert var banamein hennar og engin rannsókn fór fram á því, en haldið var að annaðhvort hefði hjartað bilað eða botnlanginn sprungið. Nýlega var þá kominn fyrsti héraðslæknirinn í Hofsós, Magnús Jóhannsson. Þótti öllum mikill og góður fengur að honum, og höfðu sumar gamlar konur við orð, að hann læsi meira að segja hugsanir manna.

Eftir lát móður minnar tók Björg amma mín við heimilinu, þá nær sjötugu, og annaðist okkur börnin. Hún kenndi okkur lestur, bænir og vers. Stafrófskverið mitt var Gamla testamentið, sem var með stóru lettri. Einnig lét hún okkur draga til stafs eftir forskriftabók Mortens Hansens skólastjóra í Reykjavík.

Faðir minn var ekkjumaður í þrjú ár, og enginn vissi til, að hann liti á nokkurn kvenmann, enda var hann mjög siðavandur og strangur í þeim efnum. Það var að vorlagi árið 1906, að pabbi kallaði á okkur börnin inn til sín og sagði okkur, að hann ætlaði að kvongast aftur í maí

sama ár. Enginn vissi þá deili á konunni, sem hann ætlaði að ganga að eiga. Hún hét Hólmfríður, dóttir Sigtryggs Jónatanssonar bónda í Framnesi, Blönduhlíð, og konu hans Sigurlaugar Jóhannesdóttur af Svaðastaðazætt, sem þá þótti sérstæð fyrir auðsöfnun.

Þrjú systkini bjuggu á Svaðastöðum og voru ríkust í Skagafirði. Peningana geymdu þau í kistlum og lánuðu héraðsbúum. Þetta var því nokkurskonar banki. Þau bárust ekki á í húsakynnum eða húsbúnaði, en allir vissu að nóg var í kistuhandraðanum. Þau systkin voru mjög hraust, en sagt var að eitt sinn hefði þó læknir verið sóttur þangað frá Sauðárkróki. Hann var ungur og ókunnugur og var spurður að því, hversu mikið hann hefði sett upp fyrir ferðina. Hann sagðist ekki hafa getað tekið neitt af svona fátæku fólki. Framnesheimilið var með mestu myndarheimilum í Skagafirði á þeim árum. Börnin voru mjög mennileg, öll vel gefin og myndarleg í sjón. Húsmóðirin þar, Sigurlaug, hefur sennilega fengið gott fjármálavit frá frændfólki sínu á Svaðastöðum, en var ólík þeim að því leyti, að hún hafði jafnan mjög vistlegt heimili, en safnaði ekki peningum í handraðann. Sigtryggur var harðduglegur bóndi, vel gefinn og hagamæltur. Þetta var mikið gestrisnisheimili á þeirri tíð.

Ég veit ekki til að pabbi hafi nokkru sinni séð Hólmfríði eða kynnst henni áður en hann bar upp bónorðið, en hún þótti kvenkostur góður. Ég býst við að hann hafi tekið reiðhest sinn, en hann átti alltaf góða hesta, og farið fram í Framnes í bónorðsferð, því að Sigtryggi bónda varð að orði þegar hann kom, að sjaldséðir væru hvítir hrafnar. Hólmfríður var þá 25 ára



*Sveinn í Felli og seinni kona hans,
Hólmfríður Sigtryggsdóttir.*

Einkaeign.

gömul, en hann fertugur. Hún hafði lært bæði fatasaum á Akureyri og matreiðslu og reyndist mjög fær í hvoru tveggja. Hún var glæsileg í sjón og stóð með rausn fyrir stóru búi í Felli, sem var annálað fyrir gestrisni í þeirra búskapartíð. Ekkert var því til fyrirstöðu að hann fengi hennar, þrátt fyrir að þau þekktust ekki. Hann var myndarlegur og karlmannlegur, vel efnaður og hafði gott orð á sér. Sambúð þeirra var til fyrirmyndar til dauðadags hans, en hún lifði hann og er látin í hárrí elli fyrir fáum árum (1971). Þau virtu hvort annað mikils.

Það var ekki vandalaust fyrir unga konu að taka sæti ömmu minnar. Sveinn bróðir minn, og elstur okkar, vildi ekki hlíta boðum hennar eða banni, enda mundi hann best eftir móður okkar, hafði verið eftirlæti hennar, svo og ömmu minnar eftir að móðir mín dó. Sveinn var mjög

sjálfstæður í hugsun. Hann fór að heiman, fyrst í unglingaskóla í Vík til Árna Hafstað frænda okkar og síðan í Hólaskóla í tvo vetur. Hann var duglegur og eignaðist fljótt góðan bústofn. Hann keypti síðar jörðina Arnarstaði í Sléttuhlíð, enda hafði hann þá tekið móðurarf sinn, því að búinu var skipt, þegar pabbi minn kvæntist í annað sinn. Faðir minn borgaði okkur út móðurarfinn í peningum, því að hann átti jarðir, bú og báta, sem við höfðum ekkert með að gera. Þetta þótti mikill peningur í þá daga. Ég man ekki hversu mikið það var, en hann var vel efnaður.

Sveinn bróðir minn var afar álitlegur maður og eftirsóttur af kvenfólki á sínum yngri árum, en hann lagði aldrei í að binda sig. Hann varð því ekki bóndi, seldi Arnarstaði og sneri sér að bátasmíði og útgerð. Hann var með þeim fyrstu, sem stunduðu rækjuveiðar hér við land. Hann smíðaði báta sína sjálfur og gerði út frá

Siglufirði, Vestmannaeyjum og síðast og lengst frá Ísafirði, en þar gerði hann út á rækjuna. Hann dó á Ísafirði árið 1966, ókvæntur og barnlaus.

Björg, systir mín, var sjö ára, þegar stjúpá okkar kom. Hún hafði verið mikið eftirlæti föður míns og sofði hjá honum, en hann gekk henni bæði í föður- og móðurstað. Hún missti því mikið, þegar pabbi kvongaðist. Það varð aldrei innilegt samband með stjúpunni og henni, en amma mín bætti það að nokkru upp. Pabbi hélt áfram að halda mest upp á hana af börnunum og enginn þorði að blaka við henni hans vegna. Hún lærði síðar ljósmóðurfræði í Reykjavík. Sigrún Rögnvaldsdóttir, frænka okkar, sem áður er nefnd, bauð henni til sín til Glasgow til frekara náms og þar lærði hún hjúkrun. Hún stundaði hjúkrun í London. Í byrjun seinna stríðsins giftist hún enskum manni, Harry Edwin Bird, og örlögin höguðu því



Björg Sveinsdóttir frá Felli.

Einkacign.



Sveinn Sveinsson frá Felli.

Einkacign.

svo til, að hún varð sjálf stjúpa, er hún tók að sér sjö ára gamla dóttur hans og uppkominn son, sem þá var í stríðinu sem hermaður. Stjúpbörnum sínum reyndist hún með ágætum og arfleiddi þau síðar að öllum eignum sínum úti, en þær voru þónokkrar. Eftir stríðið var atvinnuleysi í Bretlandi og þá bjuggu þau hjónin um nokkurra ára skeið í Suður-Afríku. Maður hennar var byggingameistari, og hún vann við hjúkrun. Maður Bjargar dó árið 1965. Eftir að hún missti hann kom hún heim, en var það rótlaus, að hún gat ekki sest hér að. Hún var ýmist í Englandi, Bandaríkjunum hjá stjúpdóttur sinni, sem þar bjó, eða hér, þar til hún keypti hús í Hastings í Englandi og bjó þar til æviloka. Hún var heilsutæp síðustu árin, og enda þótt hún hefði hjúkrað á enskum spítölum mest alla ævi sína, kom hún samt heim til að fá bót meina sinna. Hún giftist aftur enskum manni, Harold Cox, þegar hún var 75 ára gömul, og tæpu ári seinna kom hún heim farsjúk. Hún var lögð á Landspítalann, en ekkert var unnt að gera henni til hjálpar. Hún dó vorið 1976. Hún lagði svo fyrir að líkið yrði brennt og askan flutt í Fell og sett í leiði foreldra hennar. Þá hafði hún búið fjarri Íslandi í rúm 50 ár.

Ég var 12 ára þegar stjúpa mín kom. Ég tók henni mjög vel og fannst tilbreyting að fá unga konu á heimilið, enda kenndi ég í brjósti um hana fyrir að taka þetta heimili að sér, þar sem amma mín hafði ráðið svo lengi. Hún kom þarna með nýja síði, ólíka þeim sem áður voru, og heyrði ég vinnufólk tala um á stundum, að hún svæfi fram eftir á morgnana og væri nokkurskonar dúkka á heimilinu. Faðir minn var henni ævinlega nærgætinn og góður, þrátt fyrir sitt stóra skap, svo

enginn þorði annað en að meta hana sem húsmóður, enda sómdi hún sér með þryði á svo gestkvæmu heimili.

Hún bjó til góðan mat. Þá var þrímælt á heimilinu. Fyrst kaffi á morgnana, þá morgunmatur, brauð, grautur, skyr eða hræra, þá hádegiskaffi, heitur matur klukkan 3, fiskur, kjöt og kjötsúpa eða mjólkurgrautur. Eftirmiðdagskaffi var klukkan 6 og kvöldmatur klukkan 10, vanalega hræra og slátur eða smurt brauð. Allir borðuðu í ömmustofu, nema pabbi. Honum var færður matur í hans stofu, og þar borðuðu gestir. Hann borðaði aldrei með hinu fólkinu, en við krakkarnir snæddum með vinnufólkinu. Stjúpa mín sat ekki til borðs. Hún skammtaði matinn, en vinnukonur báru á borð.

Í nánd við Fell voru þrjú kot, sem öll voru í byggð, þegar ég var barn, Minna-Fell, Kappastaðir og Fjall. Faðir minn átti Minna-Fell og Kappastaði, en amma mín Björg átti Fjall, en gaf föður mínum það í brúðargjöf þegar hann kvæntist aftur. Hún átti fleiri jarðir í Fljótum, því að hún var vel stað kona. Á þessum kotum öllum voru fátækir leiguliðar, höfðu eina kú og nokkrar kindur. Þeir höfðu skiprúm hjá föður mínum upp á hlut, þegar mikill afli barst úr sjó. Leiguna eftir þessi kot greiddu þeir með dagsverkum um heyskapartímann. Þetta var fátækt fólk, en nægjusamt. Oft var ég send með kaffi, þegar kaffilaust var á kotunum, eða annað, sem vantaði, því að stjúpa mín var mjög greiðug og gaf miklu meira en tíðkaðist áður. Faðir minn sagði aldrei neitt við því, enda var það ekki hans máti að finna að við konu sína. Hann reyndist líka vel þessu fátæka fólki og hjúum, sem hjá honum unnu.

Þó var hann stjórnsamur, og aldrei heyrði ég neinn hafa á móti boðum hans og bönnum.

Faðir minn átti einnig nokkrar jarðir í Fljótum, því að þá var siður að kaupa jarðir, eins og nú eru keypt hús. Ég man eftir þegar leiguliðar komu með leiguna, en það voru gemlingar á vorin og viss þyngd af smjöri, sem lagt var inn í kaupstað.

Þegar faðir minn fór í kaupstað með vörur, fékk hann sér ærlega í staupinu og kom þá slompaður heim á sínum ágæta reiðskjóta, sem virtist vita, hvernig hann átti að bera húsbóndann. Ég sótti mjög í að mæta honum, þegar hann var í þessu ástandi, og hljóp á móti honum. Hann tók þá í mig einhvers staðar og halaði mig upp á hnakknefið og söng við raust þessa vísu:



Jóhannes Sveinsson frá Felli með harmoniku sína, hálfbróðir Valgerðar.

Ljós m.: Sveinn Jónsson

*Mjög gerir möna
móti pabba sín,
hún Valgerður vena,
Valgerður mín.*

Faðir minn og stjúpá eignuðust fimm börn, sem öll eru á lífi, Sigurlaugu, fædda 25. ágúst 1907, Jórunni Steinunni, fædda 1. september 1910, Sigtrygg Pál, fæddan 12. febrúar 1918, Rannveigu, fædda 4. maí 1921 og Árna Jóhannes, fæddan 18. júlí 1925.

Eins og áður sagði, veitti amma okkur börnunum fyrstu tilsögn í lestri og skrift. Síðar voru fengnir heimiliskennarar á vetrum fyrir okkur börnin í Felli, og börnin á næstu bæjum fengu að taka þátt í kennslunni, þar sem húsakostur var góður. Barnaskóli var byggður fermingarárið mitt á Skálá. Þann skóla byggði Jónas Jónsson, faðir Hermanns Jónassonar síðar forsætisráðherra. Jónas var bóndi og trésmiður góður. Hann bjó að Syðri-Brekku í Blönduhlíð. Þessi skóli kom mér ekki að notum, en yngri systkini mín voru þar.

Sá heimiliskennari, sem mér er minnisstæðastur og kenndi mér undir fermingu, hét Benedikt Guðmundsson frá Húsavík. Hann hafði sérlega gott lag á að láta okkur læra, var góður félagi, lék við okkur og dansaði, sem var okkar besta skemmtun. Það var alltaf til lítil harmonika í Felli, sem einhver spilaði á þessum kvöldskemmtunum. Svo las Benedikt einnig upphátt fyrir allt heimilisfólkið, m.a. *Höllu og heiðarbýlið* eftir Jón Trausta, sem þá var nýkomið út. Benedikt hvatti mig til að læra meira en þann barnalærdóm, sem krafist var til fermingar. Það var lestur, skrift og einskonar tölur, þ.e. samlagning,

frádráttur, margföldun og deiling. Einnig biblíusögur og 18 kafla kverið, *Helgakver*, sem helst þurfti að kunna utanbókar til fermingar, sérstaklega ritningargreinarnar. Presturinn kannaði síðan kunnáttu barnanna og fermdi upp á faðirvorið, ef ekki vildi betur til. Þegar Benedikt kvaddi mig að lokinni kennslu fermingarvorið mitt, orti hann til mín þessa vísu, en hann var vel hagamæltur:

*Vaki þér gafunnar blysið um brár,
í barminum vonin og þorið,
þá björt munu verða þín ókomnu ár,
sem æskunnar gróandi vorið.*

Við vorum átta börnin, sem fermdumst saman, þrjár stúlkur og fimm piltar. Ég var stærst af stúlkunum, enda bráðþroska. Ég var í hvítum kyrtli, skautbúningi, sem stjúpa mín átti og var í þegar hún giftist pabba. Ég var mjög ánægð með sjálfa mig í þessum skruða og kom sér þá vel stóri spegillinn í stásstofunni að spegla sig í frá öllum hliðum. Allir kirkjugestirnir fengu kaffi og meðlæti á eftir, en það var jafnan veitt á hverjum sunnudegi, sem messað var.

Í hópi fermingarsystkina minna voru fleiri en ég, sem vildu gjarnan halda áfram að lesa, en skólahúsið var bara fyrir börn innan fermingar, svo það kom ekki til greina, að við gætum fengið kennslu þar. Bræðraá í Sléttuhlíð gekk næst Felli með húsakost, og varð það að samkomulagi með þeim Bræðrárhjónunum og pabba, að fá Benedikt til að kenna þar næsta vetur. Þar voru synirnir tveir mjög námfúsir og greindir og héldu áfram námi síðar. Ég hélt til þennan vetur á Bræðrá, enda konan þar, Þórléif Friðriksdóttir, náskyld pabba. Það var of langt fyrir mig að fara

heim á hverjum degi, en ég var heima um helgar. Systir mín Björg, sem var fjórum árum yngri, gekk í barnaskólann. Það var stutt og hún gekk heim á kvöldin.

Í þessum heimavistarskóla á Bræðrá hjá Benedikt lærðum við brot í reikningi, landafræði, sögu, náttúrufræði og rétt-ritun. Þarna voru fáir unglingar og ég ein fékk að vera alveg í fæði og gistingu, hinir unglingarnir komu og fóru heim daglega. Benedikt var samur við sig, og skemmti með dansi og upplestri, sem allt heimilisfólkið tók þátt í.

Bræðrá gekk næst Felli að risnu og höfðingsskap. Þar fannst mér stéttaskipting meiri en heima. Þar t.d. borðuðu saman húsændur, börn þeirra, kennarinn og ég með þeim, enda talin ein af fjölskyldunni, en aðkomuunglingarnir og vinnufólkið borðuðu sér. Mikil fátækt var í Sléttuhlíð á þessum tíma og mjög áberandi munur á fátæklingum og þeim, sem betur máttu sín. Sem dæmi um stéttaskiptinguna er þessi saga:

Einn af þessum fátæku unglingum, sem gekk í skóla á Bræðrá, var fermingarbróðir minn. Hann var drengur góður. Fermingarvorið okkar, eða daginn sem við vorum að koma frá prestinum fyrir ferminguna, fór faðir hans á Sléttuhlíðarvatnið til silungsveiða og drukknaði. Konan hans með stóran barnahóp horfði á, en ekkert var unnt að gera til bjargar. Þessi piltur varð seinna tengdasonur hjónanna á Bræðrá og þótti þeim lítið til þess ráðahags koma, enda ekki efnunum fyrir að fara hjá fjölskyldu hans. Svo mikið þótti heimasætan taka niður fyrir sig, að hún varð að fara af heimilinu með manni sínum. Þau fluttust að Arnarstöðum, sem er næsti bær við Bræðrá. Þá bjuggu þar systur tvær, sem

byggt höfðu steinhús, en það þótti mikið átak í þá daga, enda fyrsta steinhúsið í Sléttuhlíð. Þær tóku þessi ungu hjón inn á heimilið og þar átti unga konan sitt fyrsta barn. Maðurinn stundaði sjó, en það var mesta basl á þeim. Hjónin á Bræðrá fluttust síðar að Höfða, en ungu hjónin komu þar aldrei, meðan gömlu hjónin lifðu. Eftir þeirra dag fengu ungu hjónin jörðina, og bjuggu þar góðu búi í marga áratugi og komu upp mannvænlegum börnum.

Þegar skólanum á Bræðrá lauk um voríð, var ég í vafa um, hvað gera skyldi og var heima í Felli næsta vetur. En þá fór ég alvarlega að hugsa um að læra meira og helst að fara alveg að heiman. Mér datt þá í hug að sækja um unglingaskóla á Sauðárkróki, en þar var ágætur skólastjóri, Jón Björnsson frá Veðramóti. Mér fannst

ráðlegra að tala um þetta við stjúpu mína, því að hún fengi frekar leyfi til þessa fyrir mína hönd, en ef ég færi beint til pabba. Hún var fús að leggja gott til málanna og leyfið fékkst. Ég sórti um skólann og fékk innngöngu í hann um haustið.

Það var óvenjulegt að heimasætur færu í skóla á þeim árum nema til að læra fatasaum og matreiðslu, eins og stjúpa mín hafði gert og kom henni vel. Ég aftur á móti hafði engan áhuga á því, enda staðráðin í að verða aldrei sveitakona, mér leiddust öll sveitastörf. Ég var þá þegar farin að hugsa mér að komast í Kennaraskólann og átti þetta að verða undirbúningur undir hann. Ég valdi þann skóla af því að ég vildi vera sjálfstæð og sjá um mig sjálf og komast að heiman án þess að giftast. Ég var varkár í ástamálum og leist aldrei vel á glaumgosa.



Valgerður í blaðvarpanum á Höfða á Höfðaströnd með fermingarbróður sínum Antoni Jónssyni frá Hrauni í Sléttuhlíð og konu hans Steinunni Guðmundsdóttur frá Bræðrá í Sléttuhlíð.

Ljós.: Sveinn Jónsson



Sauðárkrókur um það leyti sem Valgerður var þar við saumanám 1912–1913.

Eigandi myndar: HSk.

Mér var komið fyrir hjá frú Elínu Briem á Sauðárkróki, sem var þá ekkja eftir Stefán Jónsson faktor, föður Jóns Stefánssonar listmálara. Þau höfðu bæði verið gift áður og áttu ekki börn saman. Eftir lát Stefáns keypti frú Elín hús fyrir sig og frænda sinn og fósturson, Sæmund Helgason, síðar pósthústrúa í Reykjavík. Frú Elín var þjóðkunn kona, m.a. fyrir *Kvennafræðarann* (1889), sem var fyrsta matreiðslubók, sem gefin var út á Íslandi, að ég held.

Í heimili hjá frú Elínu þennan vetur var Kristín Jónsdóttir, frænka mín og fóstursystir, og föðuramma hennar, Anna Guðmundsdóttir. Eins og áður hefur verið sagt frá, fluttist Kristín með móður sinni eftir brunann í Felli til Ameríku, en þar var amma hennar búsett. Kristín gekk í skóla í Winnipeg og fermdist þar. Skömmu eftir ferminguna dó móðir hennar. Kristín fluttist þá ásamt ömmu sinni og föðurbróður til Íslands. Anna, amma Kristínar, var mikil vinkona frú

Elínar Briem. Hún var fjörgömul, þegar hún kom heim, og sérlega elskuleg kona. Elín tók hana upp á sína arma ásamt Kristínu, og þær fóru til hennar. Anna hafði sér íbúð uppi og okkur fannst gott að koma til hennar. Hún átti alltaf eitthvað gott handa okkur.

Stefanía Erlendsdóttir vinkona mín fékk líka að vera þarna þennan vetur. Hún var dóttir Erlendar Pálssonar faktors í Grafarósi, sem þá var verslunarstaður. Við Stefanía fengum fina stofu með grænum plussmublum. Það voru rauðar plussmublur í finni stofunni. Sæmundur hafði minna herbergi, og frú Elín sitt herbergi með hjónarúmi. Kristín frænka mín svaf í húsbóndarúminu. Hún var frú Elínu til aðstoðar á heimilinu og matreiðdi ofan í okkur þessa þrjá unglinga, sem vorum öll mjög matgírug, og hélst henni illa á öllum mat, sem okkur geðjaðist að. Við Stefanía fórum oft fram í eldhús eftir háttatíma og stálum rúsinum og sveskjum. Við fengum bágt fyrir þetta

hjá Kristínu. Allt þetta meðlæti kostaði eina krónu á dag og þótti ekki lítið í þá daga.



Stefanía Erlendsdóttir frá Grafarósi.

Eigandi myndar: Ásdís Vilhelmsdóttir.



Samkvæmistaska Valgerðar sem fylgdi uppblut hennar á Heimilisíðnaðarsafninu á Blönduósi, gerð af svörtu flaueli. Skrautsaumurinn á veskinu er baldýring, gerð af Valgerði Sveinsdóttur.

Ljós.: Hjalti Pálsson.

Kennarar í skólanum, auk skólástjóra, voru Brynleifur Tobíasson, séra Árni Björnsson og Ísleifur Gíslason kaupmaður. Þarna voru kenndar danska og enska, sem voru ný fög fyrir mig, annars framhald af því, sem ég hafði áður lært. Einnig leikfimi, teikning og söngur. Frú Elín kenndi ungum stúlkum handavinnu. Hún var sérlega fús að kenna og vildi láta okkur Stefaníu læra að baldýra upphlutsborða, sem við gerðum. Það var engin handavinna í skólanum, svo þetta kom sér vel. Baldýraðir borðar voru í mjög háu verði og áttu eftir að færa mér góðar tekjur síðar. Þetta var skemmtilegur vetur, og oft komu góðir gestir. Synir séra Árna Björnssonar, Björn, síðar endurskoðandi, og Sigurjón, seinna prestur í Vestmannaeyjum, voru vinir Sæmundar og við spiludum stundum. En þessi skemmtun var þó smámunir hjá öðru merkilegra.

Eftir ferminguna hafði ég ákaflega gaman af að dansa. Þá sóttum við böll í Haganesvík. Fljótamenn voru skemmtilegir og kunnu vel að skemmta sér. Unglingar á þeim tímum voru oft að skjóta sig hver í öðrum, en það var á allt annan hátt en nú tíðkast. Það var farið mjög leynt með, ef maður dansaði vangadans, og ef slíkt gerðist og sást til manns, komst það strax á hvers manns varir. Þó að ég dansaði mikið í Haganesvík, man ég ekki til að ég væri skotin í neinum strák sérstaklega. En ég frétti að tveir strákar hefðu verið að dást að mér og annar hefði sagt: „Hún er svo falleg í vextinum hún Valla í Felli.“ Þetta fannst mér alveg dásamleg frétt og lifði lengi á því að hugsa um, að strákum leist vel á mig, þó svo að ég gerði ekki neitt til þess.

Pennan vetur á Sauðárkróki skeði undrið. Ég varð ástfangin í fyrsta skipti á ævinni. Hann hét Jóhannes Pálsson, kallaður Hanni Páls. Svo hagaði til, að Hanni var við smíðanám í húsi, sem ég fór fram hjá á leiðinni í skólann, og kom þá út í dyr og við töluðum saman. Við vissum víst bæði, hvernig ástatt var, en það varð aldrei meira. Við dönsuðum saman og stálumst til að dansa vangadans, en ekki svo mikið sem einn koss fór okkur á milli. Hanni var glæsilegur í sjón, vel vaxinn og með svo falleg augu, að ég hef aldrei séð neinn mann fyrr eða síðar, sem hefur haft jafn falleg augu og hann.

Sunnudaginn fyrsta í sumri kom okkur unglingunum saman um að fá okkur bát og róa út á fjörðinn. Hann var spegilsléttur og eyjarnar Málmei og Drangey spegluðust í honum. Stefanía vinkona mín og yngsti sonurinn á Veðramóti höfðu þá verið að skjóta sig hvort í öðru um veturinn, og þau komu með okkur ásamt Sæmundi. Við Hanni sátum hvort á móti öðru í skutnum, en hinir strákarnir reru. Þessi sunnudagur er einhver hinn minnisstæðasti í lífi mínu og minningin um Hanna og samband okkar, sem var saklaust og hreint, aðeins platonskt. Daginn eftir þessa bátsferð fórum við Stefanía heim. Ég í Fell og hún í Grafarós. Ég hélt áfram að búa mig undir að fara í Kennaraskólann, sem ég gerði, og þar með var þessu ævintýri lokið.

Ég hitti Hanna á götu í Reykjavík nærri hálfri öld seinna. Ég þekkti hann þá ekki, en hann þekkti mig. Hann var nú orðinn feitur karl, en augun voru þau sömu fallegu. Við minntumst gamalla daga og vorum nú bæði lífsreynd. Hann var þá giftur, en ég ekkja. Hann er nú dáinn. Stefanía vinkona fór síðar í



Fyrsta ástin. Jóhannes Pálsson trésmiður á Sauðárkróki.

Eigandi myndar: HSk

Kvennaskólann í Reykjavík. Hún giftist Aðalsteini Ólafssyni á Patreksfirði og settist þar að. Hún dó ung frá mörgum börnum.

Áður en skólanum lauk um vorið, talaði ég við Jón skólastjóra og bað hann að hjálpa mér til að komast í Kennaraskólann, og tók hann því vel. Hann skrifaði Magnúsi Helgasyni, sem þá var skólastjóri Kennaraskólans og sótti um inntöku fyrir mig næsta vetur. Ég fékk inngöngu í skólann. Þetta fékk ég að vita um mitt sumar og gladdist mjög. Ég sneri mér nú aftur til stjúpu minnar, sem ég vissi að hafði öll ráð í hendi sér gagnvart pabba, og hún reyndist mér vel eins og fyrr. Ég fékk leyfi til að fara í skólann.

Ég var mjög þjöttuð á þessum árum



Valgerður á yngri árum.

Einkaeign.

og er það reyndar enn. Mín fyrsta hugsun var því að fá fin fót, áður en ég færi til Reykjavíkur. Aftur kom stjúpa mín til skjalanna, en hún var mjög vel að sér í saumaskap og smekklek í fatagerð. Þá var næst að fá samastað fyrir mig í Reykjavík, en það kom í pabba hlut að sjá um það. Hann skrifaði vini sínum og frænda Guðmundi Loftssyni, sem var bankagjaldkeri, og bað hann að útvega mér góðan samastað að búa á, þ.e. fæði og húsnæði.

Það komu svör upp á þetta frá Guðmundi, þar sem hann sagðist hafa fengið gott pláss handa mér í Lækjargötu 12 hjá frú Önnu Benediktsson, sem var ekkja og hafði sett upp matsölu fyrir skólafólk. Hún var tengdamóðir séra

Bjarna Jónssonar, sem þá hafði fengið veitingu fyrir prestsþjónustu í Reykjavík og varð mjög þekktur maður. Áslaug Ágústsdóttir kona hans var dóttir Önnu, og þau hjón áttu eftir að flytjast í þetta hús og búa þar lengi, en hann andaðist í hárrí elli. Áslaug bjó þar áfram í nokkurn tíma eða þar til húsið brann til kaldra kola. Frú Áslaug bjargaðist nauðuglega. Húsið og allt innbú var mjög verðmætt. Séra Bjarni hafði safnað miklum fróðleik og hafði haldið saman ræðum sínum, sem voru sérkennilegar og á margan hátt eftirminnilegar. Þetta átti allt að varðveitast og búið að raða því til geymslu, en það varð eldinum að bráð.

Seint í september lagði ég af stað suður. Pabbi fór með mig til Siglufjarðar. Þar bjó frændfólk okkar, sem við vorum oft hjá, og þar átti ég að biða eftir strandferðaskipi, sem ég gerði. Pabbi fékk mér bréf til Guðmundar Loftssonar og sagði mér að fara heim til hans og afhenda honum þetta bréf. Hann myndi sjá um allar greiðslur, sem ég þyrfti þennan vetur, og ég gæti alltaf leitað til hans, ef mér lægi á. Ekki brýndi pabbi fyrir mér sparnað eða setti mér nokkrar síðareglur, en hann var annars mjög strangur við mig og flengdi mig stundum af litlu tilefni heima, t.d. ef ég vanrækti störf mín eða stríddi eða tafði fyrir vinnufólkinu.

Skipið kom á tilsettum tíma og ég fór um borð. Ég fékk ágætt pláss, var í klefa með fósturdóttur Helga læknis á Siglufirði, ágættri stúlku. Ég varð strax mjög sjóveik, en stúlkan gaf mér Veronal, sem hún sagðist nota, ef hún færi á sjó, svo ég sofnaði og vissi lítið af mér alla leiðina eftir það. Ég man ekki, hversu lengi skipið var á leiðinni og fór aldrei úr rúminu fyrr en í Reykjavík, þegar ég mátti til. Skipið

lagðist ekki að bryggju. Þá var engin bryggja til að leggjast við, svo við fórum í lítinn bát, sem færði farþegana í land. Þá var næst að hitta Guðmund Loftsson. Ég fékk einhvern til að fylgja mér til hans og bera dótið mitt. Þetta var snemma morguns og hjónin ekki komin á fætur, en þjónustustúlkan þeirra tók á móti mér og gaf mér morgunkaffi sem ég þó hafði enga lyst á því að ég var enn með sjóriðu. Þegar Guðmundur hafði klæðst og ég jafnað mig, fór hann með mér á væntanlegan dvalarstað í Lækjargötu 12.

Mér varð starsýnt á þetta hús. Það var nokkuð stórt timburhús, járnklætt að utan og stóð á því með stórum stöfum: ÁGÆTT FÆÐI. Þetta hefur víst verið nokkurs konar auglýsing til að hæna að kostgangara. Frú Anna tók á móti mér, og Guðmundur sagði henni að hann ætti að borga uppihald mitt mánaðarlega. Mig minnir að það væru 35 krónur á mánuði. Svo fékk hann mér vasapeninga og sagði mér að koma ofan í banka þegar ég þyrfti pening. Frú Anna fór með mig upp á loft. Þar var stórt herbergi með fjórum rúmum. Hún sagði, að þrjár Kvennaskólastúlkur, sem hefðu verið hjá sér í fyrra, væru væntanlegar aftur. Hún hafði bætt við einu rúmi fyrir mig. Borðstofan var á neðri hæðinni og herbergi frú Önnu og dóttur hennar, sem var unglingssúlka og hét Guðrún Ágústsdóttir, kölluð Dúna. Hún var mikill ærslabelgur og söng vel og mikið, enda seinna þekkt fyrir fallegan söng. Hún er móðir Kristins Hallssonar.

Kvennaskólastúlkurnar komu fljótlega. Þær voru allar úr Dalasýslu, tvær frá Ketilsstöðum í Hörðudal, og frænka þeirra frá Dunkárbakka. Þetta voru allt ágætis stúlkur og góðir herbergisfélagar. Svo komu kostgangarar, sem borðuðu

þarna, en höfðu herbergi úti í bæ. Þetta voru allt skólapiltar úr Verzlunarskóla, Stýrimannaskóla og ég man ekki hvað. Seinastur kom Jón Árnason frá Garði í Mývatnssveit úr Menntaskóla. Hann settist við hliðina á mér við borðið, en Kvennaskólastúlkurnar sátu við hina hliðina.

Jón hafði verið þarna í fæði veturinn áður og þá líka haft herbergi, en honum fannst ekki nógu mikið næði við lesturinn, svo að hann fékk sér herbergi í Suðurgötu 20 þennan vetur. Það var gott herbergi, sem kostaði sex krónur á mánuði. Frúin þar hét Oddný. Hún var ekkja, mjög elskuleg kona og gaf honum oft kaffi, sem kom sér vel. Jón var mikill húmoristi, fluggreindur og hagamæltur. Hann var mjög félagslyndur, sá um allt félagslíf Menntaskólans og var umsjónarmaður skólans. Hann var vel látinn af yngri nemendum, enda kunni hann vel að umgangast unglinga. Hann var vel ritfær og mikill íslenskumaður, enda ritstjóri *Skólablaðsins*. Það var jafnan glatt á hjalla við matarborðið og átti Jón góðan þátt í því að halda uppi fjörugum samræðum. Það skeði margt í Reykjavík þennan vetur, sem þótti umtalsvert. Svo voru dagblöðin, *Morgunblaðið*, og mig minnir að *Vísir* kæmi þá út í fyrsta sinn.

Við Jón urðum fljótlega góðir vinir og sýndi hann mér sérstaka umhyggju. Ég varð 18 ára 8. desember, en hann var sex árum eldri. Umhyggja hans kom sér vel fyrir mig, því að ég var svo óheppin að fá hettusótt, sem var að ganga í Reykjavík, og seinna gulu, sem var ennþá verri veik. Ég fárveiktist af henni og lá í rúminu illa haldin nokkuð langan tíma. Ekkert tollði niðri í mér og þetta horfði til vandræða. Ég var að eðlisfari mjög hraust og hafði aldrei

fengið neina veiki heima nema mislinga. Frú Anna sótti lækni og Jón kom til mín á hverjum degi og sótti meðul handa mér, en ég lá heima. Þetta tafði mig dálítið frá náminu og þurfti ég að leggja harðara að mér á eftir til að ná hinum. Magnús Helgason, skólastjóri, var alveg sérstakur ágætismaður og skildi vel að fjarvist mín var af veikindum, en ekki skrópi, enda talaði frú Anna um þetta við hann.

Auk skólastjóra voru kennarar í skólanum þennan vetur Ólafur Dan Danielsson, Sigurður Guðmundsson og Jónas Jónsson frá Hríflu. Minnisstæðastur af þessum kennurum er mér Jónas frá Hríflu. Ég minnst þess ekki, að hann tæki okkur upp til að vita um kunnáttu okkar, en talaði sjálfur mestallan tímann um menn og málefni. Sérstaklega talaði hann miður vel um Kvennaskólann og fróken Ingibjörgu H. Bjarnason. Hann átti að kenna náttúrufræði, en það eina sem hann kenndi okkur í því sambandi, var að stoppa upp önd, sem mér fannst þarflaust og að engu gagni. Það var lítið um skemmtanir í skólanum, bara skólaskemmtun um miðjan vetur. Ég bað Jóni þangað.

Björg, amma mín í Felli, bað mig að koma til systur sinnar, Margrétar Jónsdóttur, móður Jóns Þorlákssonar, sem þá var landsverkfræðingur. Kona Jóns, Ingibjörg Claessen, tók mér mjög vel og fór með mig til Margrétar, sem hafði mjög fínt herbergi hjá þeim hjónum. Hún hafði gaman af að fréttu af systur sinni. Þær höfðu ekki haft neitt samband síðan þær voru heimasætur á Undirfelli, en Björg amma mín fluttist ung með systur sinni Katrínu, sem giftist séra Jóni Norðmann á Barði í Fljótum og var hjá þeim, þangað til hún giftist Sæmundi afa mínum.

Frú Ingibjörg var ákaflega notaleg við tengdamóður sína. Hún bað mig að koma aftur og tala við hana. Svo sagði hún, að það væri vani hjá þeim hjónum að bjóða skyldfólki Jóns í mat um jólin. Þangað fór ég. Frú Ingibjörg var há, grönn og glæsileg og góðleg. Jón var lágur vexti, þybbinn og festulegur á svip, en fremur þurrlegur. Þau hjón áttu engin börn, en tóku tvær fósturdætur seinna.

Ég var ekki sérlega ánægð í Kennarskólanum og fannst allt betra, sem Kvennaskólastúlkurnar voru að læra. Ég var nú líka farin að efast um, að kennsla yrði mitt ævistarf. Í Kvennaskólanum var öll kennsla miðuð við að stúlkurnar yrðu færar sem húsmæður. Þar var kennsla í meðferð ungbarna, finn léreftissamur og falleg handavinna. Mér fór nú að detta í hug að fara í Kvennaskólann næsta vetur. Ég mátti ekki láta þessa hugdettu mína uppi við neinn. Það hefði verið talinn argasti hringlandaháttur. Ég var mjög frjálst í fasi og lífsglöð á þessum árum, hugurinn beindist ekki að neinum sérstökum manni, aftur á móti fór nú að bera á því að Jón gætti mín meira en áður og fór hann nú að fá glósur um það við borðið. Hann skrifaði í põesibók mína þessa stöku:

*Óskirnar læt ég ekki hér,
því enginn má þær heyra.
Ég segi þær allar einni þér,
en ekki hérna meira.*

Þessar óskir hans fékk ég síðar að heyra, áður en ég fór heim um vorið. Ég hélt áfram að umgangast hann sem góðan vin, en ekkert fram yfir það. Hann var góður ráðgjafi og sérstaklega hlýr, sem ég kunni að meta eftir strangt uppeldi hjá föður mínum.



Valdimar Halldórsson á Kálfaströnd og Jón Árnason í Gardi, Mývatnssveit 1914, á því ári sem Valgerður kynntist Jóni. Þeir félagar eru í sínu finasta þússi en Valdimar sveitammanslegur til fótanna.

Valdimar fór til Ítalíu 1921 með Tryggva Sveinbjörnssyni Svörfuði. Þeir voru ásamt Ríkharði Jónssyni og Eggert Stefánssyni með Davíð Stefánssyni á eyjunni Capri þar sem Davíð orti kvæðið Katarína. Þura í Gardi, systir Jóns, orti hins vegar: Þegar Valdi fór til Ítalíu:

*Hugurinn hvergi finnur frið,
flýgur yfir sundin.
Ó, hvað mér er illa við
Ítalíu-sprundin.*

Ljóm.: Bárður Sigurðsson.
Eigandi: Minjasafnið á Akureyri.

Kennaraskólanum var snemma sagt upp. Ég tók sæmilegt próf og gat þess vegna haldið áfram námi þar. Ég fékk fljótlega skipsferð norður, en ég var alltaf heima í Felli á sumrin. Hitt skólafólkið fór seinna, stúlkurnar heim til sín, en sumir piltarnir í síld til Siglufjarðar, en þar var helst von um sæmilegt kaup. Jón fór þangað um vorið, en hafði verið þar áður í síldinni.

Um haustið var ég beðin að kenna börnum í Kvíabekk í Ólafsfirði. Þetta freistaði mín svo, að ég tók boðinu. Ég hafði aldrei unnið fyrir kaupi áður. Þessi skóli var nokkurs konar grein úr aðalskólanum, sem var í kaupþúnninu. Það var of langt fyrir börnin að ganga þangað daglega. Ég vildi líka gjarnan vita, hvernig mér líkaði að kenna. Ég hafði ekki fest mér samastað í Reykjavík um veturinn, svo allt var í lagi þess vegna.

Ég skrifaði Jóni, þegar hann var kominn suður, og sagði honum að ég kæmi ekki til Reykjavíkur, eins og ég hafði búist við þegar ég fór heim um vorið. Ég fékk bréf frá honum aftur, þar sem hann er mjög vonsvikinn og segir meðal annars: „Ég hef fengið gott herbergi á Nýlendugötu 24. Ég prýddi það og gladdist, af því að ég hélt að þú myndir sjá það.“ Á öðrum stað í bréfinu segir hann: „Þú hefur dulið hug þinn fyrir mér og virðist mér torráðin gáta.“ Þetta var mikið svartsýnisbréf og mér þótti það miður, af því að hann var svo góður vinur minn.

Ég fór til Ólafsfjarðar og hitti þar formann skólaneftndar, Pál Bergsson kaupmann í Ólafsfjarðarhorni. Ég var þar nokkurn tíma meðan börnunum var raðað niður. Sveitabörnin nálægt Kvíabekk áttu að vera í skóla þar og ég að kenna þeim. Þetta voru góð börn, 10–13 ára, kunnu lítið og voru misjafnlega

áhugasöm. Mér leiddist ekki að kenna, en hafði mikið óyndi á Kvíabekk. Þar var miklu síðra en ég hafði vanist í sveit, bæði hús og fólk. Þetta óyndi mitt leiddi til þess, að ég var öllum stundum niðri í Horni, en þar var dóttir Páls, Eva, jafngömul mér og tókst með okkur góð vinátta. Þarna í kaптúninu voru stundum samkomur, sem ég fór á. Svo var ég alltaf velkomin á heimili Páls, sem var mjög skemmtilegt, börnin mörg og hálfvaxin. Eva var elst. Við fórum oft á skíði og skauta saman. Það var mikið spilað og sungið á þessu heimili. Eva spilaði ágætlega og söng vel. Kona Páls, Svanhildur Jörundsdóttir frá Hrísey, var sérstaklega myndarleg húsmóðir og hafði góða stjórn á heimilinu og sínum mörgu börnum. Við Eva fórum nú að tala um að fara í Kvennaskólann næsta vetur. Hún var sama sinnis með það og ég. Við sóttum um skólann og fengum inngöngu.

Við Jón skrifuðumst á þennan vetur. Það voru engin ástarbréf, bara að láta vita um liðan sína. Jón sagðist hafa boðið tveimur dömum á skólaballið. Það voru frændkonur hans, Dýrleif og Þorbjörg, dætur séra Árna á Skútustöðum. Séra Gunnar Benediktsson skrifaði seinna skemmtilega um þetta ball, en Jón fékk hann til að vera herra annarrar dömunnar. Mér fannst veturinn aldrei ætla að liða. Ég hugsaði mikið til Jóns og saknaði hans. Hann var nú kominn í Læknaskólann og piltar úr Háskólanum voru mjög eftirsóttir af stúlkum. Mér fór nú að detta í hug, að ef til vill væri ég búin að tapa honum fyrir fullt og allt, en það vildi ég ekki. Ég vissi sem sé nú, hvað ég vildi fyrir framtíðina, og hélt að þarna hefði ég kannski misst af tækifæri til að eignast góðan og traustan eiginmann.

Þáll borgaði mér kennarakaupið um

вориð, og mér þóttu það miklir peningar, af því að það voru fyrstu launin, sem ég vann fyrir. Ég var ekki eyðslusöm, en hafði þó gaman af að veita mér fin fót, og þessa peninga gat ég notað til þess. Ég vissi að Guðmundur Loftsson héldi áfram að greiða uppihald mitt í Reykjavík. Ég held að pabbi hafi látið móðurarf minn ganga í þennan kostnað. Það var aldrei talað um það, en það var heldur aldrei talað um, að ég eyddi miklu þessi skólaár mín.

Ég átti góðan frænda í Reykjavík, Jón Gíslason verslunarmann. Hann átti Ásdís Jónsdóttur, sem kölluð var Ásdís fagra, enda mikil glæsikona í útliti og allri gerð. Heimili þeirra var á Laugavegi 20. Ég kom oft til þeirra þegar ég bjó í Lækjargötunni. Þetta var sérlega myndarlegt heimili, gláðvært og fint. Guðjón bryti, bróðir Ásdísar, kom þar með hljóðfæri og spilaði og viðhafði gleðskap á sunnudögum. Ég skrifaði Jóni frænda mínum og bað hann að taka mig í fæði og húsnæði um veturinn. Ég vissi að þarna var herbergi uppi, sem ein stúlka hafði, svo það gat verið pláss fyrir mig að sofa. Ég fékk svar frá Jóni, að það fengist og ég mætti koma þangað um haustið. Mér þótti mjög vænt um þetta. Þarna voru engir kostgangarar, svo þetta var fyrst og fremst gott heimili. Eva fékk líka gott pláss, ekki langt frá mér, og við ákváðum að lesa saman og hjálpa hvor annarri og ganga saman í skólann. Hún hafði ekki verið áður í Reykjavík, svo ég rataði betur og gat á ýmsan hátt leiðbeint henni, þegar þangað kom. Við urðum samferða á skipi suður um haustið.

Ég hafði ekki skrifað Jóni Árnasyni, að ég kæmi suður, og var því hálf kvíðafull að hitta hann og vissi ekki, hvort hann fagnaði því eða væri kannski alveg sama eða enn verra. Þegar við Eva höfðum



Nemendur fjórða bekkjar Kvennaskólans í Reykjavík, 1915–1916. Valgerður er fyrir miðju í annarri röð. Stúlkurnar eru frá vinstri talið. Aftasta röð: Snjólaug Jóhannsdóttir, Helga Ingólfsdóttir, Steinunn Benediktsdóttir. Miðröð: Halldóra Flygenring, Ragnheiður Jónsdóttir, Valgerður Sveinsdóttir, Ólöf Bjarnadóttir, Sigríður S. Einarsdóttir. Fremsta röð: Eva Pálsdóttir, Ragnhildur Levi, Ragnheiður H. Ólafsdóttir, Helga Jónasdóttir, Kristín Brynjólfssdóttir. Á myndina vantar eina stúlku sem var í bekknum, Sigurlaugu Björnsdóttur.

Einkaeign.

tekið próf upp í Kvennaskólann og sest í 4. bekk, fannst mér tími til kominn að heilsa upp á Jón á Nýlendugötu 24, en ég vildi hafa Evu með mér. Til að eiga erindi hugkvæmdist mér að segja honum, að ég væri mjög slök í ensku og þyrfti hjálptil að lesa hana og ætlaði nú að vita, hvort hann vildi lesa með mér eða okkur Evu báðum. Jón var mjög tvíráður á svipinn og fagnaði mér ekkert sérstaklega, en vildi þó hjálpa okkur í enskunni. Við komum til hans tvisvar í viku og hann las með okkur.

Þennan vetur var Tjörnin mikið notuð sem skemmtistaður. Svellið var alltaf haft gott. Það var ljós í hólmanum og spilað þar, og þarna var alltaf fullt af ungu fólki

á skautum á síðkvöldum. Okkur Jóni kom saman um að nota skautasvellið að loknum lestri og komum við þar og hann hjálpaði mér að binda á mig skautana. Við renndum okkur saman með hendur í kross, eins og þá var siður. Ég var nú öllu jákvæðari í framkomu, og fann einnig, að hann var sá sami og áður. Ég varð 20 ára 8. desember 1915 og þá bar hann upp bónorðið og við vorum trúlofuð og bæði jafn ánægð. Við fórum stundum saman í leikhús. Þá var Stefanía Guðmundsdóttir upp á sitt besta. Svo voru þöglu myndirnar í bíó, og við Eva fórum stundum á þær. Þetta var mjög skemmtilegur vetur á allan hátt.



Systkinin frá Garði í Mývatnssveit: Halldór (1898–1979), Arnþór (1904–1983), Ásrún (1884–1966), Jón (1889–1944), Þóra (1891–1963) og Björgvin (1894–1974).

Einkacign.

Þegar prófum var lokið um vorið fór ég heim í Fell eins og áður. Ég spurði pabba, hvort hann vildi ekki fá Jón til að sjá um heyskapinn og stjórna fólkinu, en hann var mjög hneigður fyrir heyskap. Pabbi var allur við sjóinn og þótti þetta bara gott. Pabbi borgaði Jóni vel, svo að hann missti ekkert við að fara ekki á síld. Ég var fyrr búin í skólanum en Jón, og við Eva urðum samferða norður. Hún giftist seinna Jóhanni Kröyer, verslunarmanni á Akureyri. Þeirra einkasonur var Haraldur Kröyer ambassador. Eva dó ung. Jón kom seinna með hringana í vasanum og við settum þá upp 1. júlí 1916. Þetta var afar skemmtilegt sumar, tíðin góð, allir ánægðir með ráðsmanninn, við heyjuðum mikið og vorum mjög hamingjusöm.

Um haustið fór Jón suður í Lækna-skólann, en ég réð mig kennara í Haga-

nesvík og kenndi þar þennan vetur. Jón skrifaði á hverjum degi mikil og góð ástarbréf og leiddist ósköpin öll. Ekkert markvert skeði um veturinn. Jón kom heim í Fell um vorið og við giftum okkur. 1. júní 1917. Séra Pálmi Þóroddsson gaf okkur saman í kirkjunni í Felli, en þar hafði hann bæði skírt mig og fermt og átti eftir að skíra tvö börn mín. Eftir hjónavígsluna var veisla.

Við Jón fórum í brúðkaupsferð upp í Mývantssveit á æskustöðvar hans, en hann langaði þangað, hafði ekki komið þar æði lengi. Þessi ferð var mjög margbrotin og skemmtileg og margs að minnast úr henni. Fyrst fórum við með flóabát til Akureyrar og síðan fór skólabróðir Jóns með okkur á hestum að Hálsi í Fnjóskadal. Séra Ásmundur Gíslason var þá prestur þar. Þangað vorum við sótt úr

Mývatnssveit. Bróðir Jóns var valinn til að sækja okkur á hestum. Hann var mjög forvitnislegur þegar hann athugaði mig og sagði síðan við bróður sinn: „Ekki hefur þú gengist fyrir friðleikanum bróðir.“ Jón rak upp skellihlátur, en pilturinn vildi bæta úr þessu og tuldraði, „Það er kannski eitthvað varið í hana.“ Þetta voru mín fyrstu kynni af tengdafólkinu. Við fengum dásamlegt veður þennan dag og Mývatnssveitin skartaði sínu fegursta, þegar við komum þangað um kvöldið.

Jón var ekki alinn upp í Garði, en fósturforeldrar hans voru á Hofstöðum og þangað fórum við fyrst og vorum þar um nóttina. Fósturforeldrar Jóns hétu Sigurður Guðmundsson og Anna Jónsdóttir. Þau voru barnlaus, en í sæmilegum efnum og kostuðu Jón í skóla, það sem efni þeirra hrukku til. Annars hefði hann aldrei átt kost á neinni skólagöngu, því að hjónin í Garði áttu mörg börn. Jón var annar í röðinni, en Þóra kom ári seinna. Þess vegna tóku þessi hjón Jón í fóstur. Móðir Jóns var mjög heilsutæp og átti börnin ört. Hún var glæsileg kona, gáfuð, las mikið, en engin búkona. Árni Jónsson, faðir hans, var aftur á móti mjög duglegur bóndi og átti fullt í fangi með að veita konu sinni góða daga, en hann bar hana alltaf á höndum sér.

Þegar við komum í Hofstaði um kvöldið, var þar mikill viðbúnaður að taka á móti okkur. Borð var hlaðið með silungi og eggjum, en þetta var um varptímann og mikil eggjataka þarna. Fóstura Jóns, Anna, var mjög vel verki farin og dugleg og mikil tóskaparkona. Hún fór nú að athuga föt Jóns og þegar hún sá sokka hans sagði hún: „Guð hjálpi þér, Jonni minn, hvernig þú hefur stagað í sokkana

þína,“ en þetta hafði ég stoppað af mestu snilld og kunnáttu úr Kvennaskólanum. Þarna fékk ég nú að vita, að ég var ekki mikil, hvorki í sjón né raun.

Daginn eftir fórum við í Garð að heilsa upp á foreldra Jóns. Guðbjörg Stefánsdóttir, móðir hans, var ósköp ánægð með menntun hans og talaði um allt, sem að þeim málum laut, en Árni bóndi talaði aftur á móti um búskapinn og silunginn. Þóra, systir Jóns, var þá heima og sá um húsverkin fyrir móður sína, sem las og skrifaði og lifði í sínum skáldadraumórum. Þóra í Garði var mjög skemmtileg og glaðlynd. Þó að hún væri góður hagyrðingur, var hún líka dugleg til allra verka. Þau systkinin, Jón og hún, voru lík með það.

Við vorum tvær vikur, ýmist á Hofstöðum eða í Garði. Það var allt mögulegt gert fyrir okkur til skemmtunar. Við fórum í Slútnes, Dimmuborgir, rerum á vatninu, fórum í hólmana, sem voru fullir af öndum og eggjum. Þetta var sannkölluð Paradís á þessum tíma árs. Allir dagar taka enda, og nú fórum við að hugsa til heimferðar. Það voru engir bílar á þessum tímum og við fórum á hestum til Akureyrar og þaðan á bátum og komum við á Dalvík og Hrísey.

Heima í Felli biðu þessi venjulegu sveitastörf. Björg systir mín ætlaði til Reykjavíkur um haustið til að læra ljósmóðurfræði, og hún fékk verustað hjá Jóni og Ásdísi að Laugavegi 20. Þó að við Jón værum nú gift, gátum við ekki búið saman þennan næsta vetur. Hann átti að taka fyrri hluta í læknisfræði um vorið og þurfti að lesa mikið til að ná því, en ég var þá ófrísk og gat ekki haldið áfram að kenna í Haganesvík. Ég var því heima í Felli um veturinn, en hann fór suður um



Á blaðinu í Garði í Mývatnssveit um 1932. Heimilisfólk og gestir hafa stillt sér upp fyrir myndatöku. Lengst til vinstri er Tryggvi Björnsson (1872–1953) sem hafði auknefnið „tindur“. Fæddur í Hrauney á Neslandatanga og var á bæjum í Mývatnssveit á árunum 1927–1945, hálfgerður förumaður og síðast niðursetningur, að hann fór blindur orðinn á elliheimilið í Skjaldarvík. Næsti maður er óþekktur ferðamaður og sker sig talsvert frá sveitafólkinu. Næst er Þóra Árnadóttir (1891–1963) í Garði sem heldur á Valgerði heimasetu Halldórsdóttur (1929–2000). Karlarnir tveir eru óþekktir en í miðju, með gleraugu, er Guðbjörg Stefánsdóttir í Garði (1863–1937), móðir Jóns. Óvíst er um nafn mannsins í hvítu peysunni, en við blíð hans er Sigríður Jónsdóttir (1906–1997) frá Vatnsleysu í Skagafirði, Kristvínssonar. Hún heldur á dóttur sinni Önnu Guðnýju Halldórsdóttur (1930–2000). Aftan við hana sér á hálfþ andlit Halldórs Árnasonar (1898–1979), manns Sigríðar, en þau bjuggu lengi í Garði. Stóri maðurinn lengst til hægri en óþekktur en drengurinn fremst í hópnum er Sigurður Björgvinsson (1924–2005) í Garði.

Eigandi myndar: Sigríður Þorgrímsdóttir.

haustið. Okkur stjúpum minni kom vel saman, og hún var mér alltaf góð, svo ég átti henni mikið að þakka. Ég mátti alltaf vera heima í Felli, þegar ég vildi, og kom það sér vel að eiga góðan samastað meðan Jón var í námi.

Sigurður Jónsson í Ystafelli var nú orðinn ráðherra og bjó í Ráðherra-bústaðnum við Tjörnina, en hann var

frændi Jóns og þetta var mikið vinafólk Garðfólks. Börn Sigurðar á sama reki og Jón voru líka í skóla í Reykjavík. Þau voru vinir hans auk frændseminnar. Jón fékk nú að vera hjá þeim í fæði um veturinn, en leigði herbergi hjá Lárusi H. Bjarnasyni, sem bjó skammt frá Ráðherra-bústaðnum. Þetta gat því ekki betra verið fyrir Jón, enda kom það sér vel seinna, því að þetta

var veturinn, sem spanska veikin geisaði og kallaður var frostaveturinn mikli.

Jón veiktist mjög alvarlega af spönsku veikinni, og vildi honum það til lífs, að hans áltiti, að hann átti svona gott athvarf og að Björg systir mín, sem þá var komin í Ljósmeðraskólann, hjúkraði honum og gerði það af sinni meðfæddu nærgætni. Hún tók ekki veikina og var ein af fáum, sem gekk um að hjúkra ásamt Þórdísi, kunnri ljósmodur, sem bjó í sama húsi á Laugavegi 20. Það má segja, að þær færu ekki úr fötum þennan tíma. Daglega voru mörg dauðsföll og margir biðu við símann dauðhræddir við að heyra nöfnin, sem komu dag hvern í símanum. Ég var ein af þeim. Björg systir mín símaði heim í Fell, en þar var símsstöð eins og áður sagði, að Jón lægi og hún gerði allt, sem hún gæti, að hjúkra honum. Það var ægilegt ástand í bænum, sérstaklega lagðist veikin þungt á vanfærar konur og dóu margar. Svo var kuldinn. Enginn var til að kynda ofnana. Í einu orði sagt neyðarástand. Það var komið á vörnum, svo veikin breiddist ekki út til Norðurlands. Svo mikið var frostið að ganga mátti út í Málmei frá Felli, sem var beint á móti eyjunni.

Björg, amma mín, dó 19. apríl 1918, 83 ára gömul. Hún var mjög farin að heilsu, en aldrei rúmliggjandi. Það var ákaflega tómlegt, þegar hún var ekki lengur í ömmustofu. Mér fannst jafnvel klukkan slá öðruvísi, en það var klukkan, sem bjargaðist úr brunanum.

Jón hafði nú fengið sæmilega heilsu eftir spönsku veikina og var kominn í prófið. Björg systir mín var búin að taka próf í ljósmodurfræði. Ég beið eftir mínu fyrsta barni, sem fæddist 31. maí 1918. Það var stúlka. Jón var þá ekki búinn að ljúka sínum prófum, en sendi mér skeyti

svohljóðandi: „Ég þakka þér fyrir stelpuna, kelli mín, hvað er hún þung o.s.frv.“ Björg var skipuð ljósmodir í Fellshreppi, hún kom fyrir en Jón og var gott að fá hana, þó að ég væri búin að eiga barnið.

Jón var í Felli um sumarið eins og fyrir, og var nú búinn með fyrri hluta læknisfræðinnar. Hann fór suður um haustið, en ég var áfram í Felli með barnið. Jón var þá um tíma í Keflavík hjá Þorgrími Þórðarsyni lækni og las þar og hafði frítt uppihald og kaup. Þorgrímur var gamall og hafði oft læknanema sér til aðstoðar. Það voru einhver vandræði með eldivið í skólanum þennan vetur og var alls ekki gott útlit með framhald á þessu námi fyrir Jón. Hann var með barn í eftirdragi og engin námslán eða styrkir veittir. Svo var mikill hörgull á húsnæði fyrir fjölskyldur. Erfiðleikarnir byrjuðu ekki fyrir en barn hafði bæst við. Það var nógu erfitt fyrir að stunda þetta nám, sem er mjög langt og þungt, þó að Jón félli aldrei á prófi og væri harðduglegur. Þá var sumarvinnan ekki neitt til að uppihalda fjölskyldu.

Þetta líf okkar hefur allt verið svo tilviljunarkennt, að mér liggur við að halda, að því hafi verið stjórnað af æðri máttarvöldum. Sigurður Guðmundsson, fóstri Jóns, hafði keypt handa Jóni hálfa jörðina Geirastaði í Mývatnssveit, ef hann vildi búa. Það var mikilsvert að hafa jarðnæði, því að allar jarðir í Mývatnssveit voru þröngsetnar, og enginn vildi fara þaðan. Jón var aftur á móti mjög tvíátta, hann langaði bæði til að búa og læra, því að hann var mjög námfús og las mikið. Þá var það tilviljun, sem skar úr um þetta. Hann veiktist svo illa af liðagigt að haustlagi eftir að hafa verið við slátt á blautum engjum, þá í kaupavinnu, að hann lá í rúminu meiri part vetrar. Þá kom fóstri hans til

hans og sagði við hann: „Heldurðu ekki að það væri ráð, að þú læsir undir annan bekk í Gagnfræðaskólanum á Akureyri og takir próf þar í vor? Það er alltaf gott að vera gagnfræðingur, þó að þú veljir svo búskapinn.“

„Er hægt að kosta mig þar?“ spurði Jón.

„Jú, vinur, ég á nóga peninga til þess, þú veist þá betur, hvort þú vilt búa eða fara í framhaldsnám.“

Jón varð glaður við þetta, því að hann langaði til að læra. Hann fór um vorið og tók próf upp í annan bekk Gagnfræðaskólans á Akureyri og fékk innngöngu í hann. Var síðan tvo vetur

til viðbótar og tók gagnfræðapróf 1912 og þar með fékk hann réttindi til að halda áfram og fara í Menntaskólann í Reykjavík. Sigurður fóstri Jóns, var vel greindur maður og vildi allt í sölurnar leggja fyrir fósturson sinn. Þeirra samband var með ágætum. Þar var gagnkvæm vinátta og traust.

Jón tók þann kostinn að fara suður í Menntaskólann og lauk þar stúdentsprófi 1915. Þetta var áður en ég kynntist honum, þó að ég skjóti því inn hér. Jón var mikill íslenskumaður og langaði í norrænu, en það var ekki ráðlegt eins og á stóð, svo hann innritaðist í



Geirastadir í Mývatnssveit árið 1908. Þá var tvíbýli á Geirastöðum. Bændur voru: Sigurður Sigurjónsson og Helga Stefánsdóttir á öðru búi með nokkrum börnum sínum, en á hinu Sigurður Guðmundsson og Anna Jónsdóttir með fósturson sinn, Jón Arnason. Hér er bóndi, Sigurður Sigurjónsson, kominn heim í blað úr kaupstaðnum með áburðarhest og má sjá bundið á hann ferðakoffort og kerald ofan í milli. Ekki er fullvíst hverjir eru við þegarþilið en sé gengið út frá að þetta sé heimafólk er ekki öðrum til að dreifa en Önnu fósturu Jóns sem stendur við dýrastaf og heldur í hönd Bjargar Sigurðardóttur, f. 1903, en yngri konan Helga Stefánsdóttir húsfreyja haldi á syni sínum, Ólafi Hallgrími Sigurðssyni, sem fæddist 5. janúar 1908.

Ljós-: Bárður Sigurðsson. Eigandi myndar: Minjasafnið á Akureyri.

Læknaskólann. Þegar Sigurður sá, að búskapurinn yrði ekki ævistarf Jóns, seldi hann jörðina til að kosta hann að svo miklu leyti, sem það hrykki. Sigurður fluttist þá að Hofsstöðum í leigujarð-næði, en þangað heimsóttum við þau hjónin í brúðkaupsferð okkar.

Björg systir stundaði nú ljósmóðurstörf í Sléttuhlíð. Fyrsta konan sem hún sat yfir, var stjúpá okkar, sem átti sitt þriðja barn í febrúar 1919. Það var ekki sérlega mikið að gera sem ljósmóðir í þessari sveit, en Björg var mjög heppin með sín störf og átti eftir að nota þessa menntun sína vel síðar á ævinni.

Við Jón hugsuðum nú til að búa saman í Reykjavík næsta vetur. Við töldum það jafnvel hagstæðara efnalega, en þá voru húsnæðisvandræðin, sem voru alveg sérlega mikil á þessum tímum, eins og jafnan fyrr og síðar. Jón kom heim um vorið að loknu prófi og hafði veika von um húsnæði næsta vetur. Við ætluðum að minnsta kosti að treysta því, að úr rættist, ef þetta brygðist. Við fórum í september, en áður var dóttir okkar skírð í Fellskirkju nafni föstru Jóns, Anna Jónsdóttir. Þegar suður kom var ekkert húsnæði fáanlegt, því að þetta, sem Jón hafði í huga, var þá búið að leigja öðrum. Þetta voru þau mestu vandræði, sem við höfðum orðið fyrir til þessa. Við vorum til skiptis hjá góðkunningjum, en náttúrulega vildi enginn sitja uppi með heila fjölskyldu vetrarlangt.

Mér datt þá ráð í hug. Ég frétti að Jón Þorláksson væri að byggja hús á Baldursgötu. Það voru tvö hús með burstasniði, nokkurskonar stæling á gömlu bæjunum, sem Jón vildi prófa að byggja. Þau voru ekki fullgerð, en ég vildi vita meira um þessi hús og fór að

finna Margréti, ömmusystur mína. Ég spurði þá Jón eftir þessum húsum og tjáði honum vandræði okkar. Hann tók þessu mjög vel, en sagði, að það yrði ekki neitt íbúðarhæft í þessum húsum fyrr en í nóvember. Ef við fengjum ekkert þangað til, skyldi hann leigja okkur, en annars ætlaði hann að selja húsín, hann hefði byggt þau til þess. Þetta var langur tími fyrir mig, tveir mánuðir með barn, en þetta bætti þó úr algeru vonleysi.

Jón var eins og fyrr á gangi í húsnæðis-leit, þegar hann mætti Þorgrími lækni í Keflavík á förnum vegi og þeir tóku tal saman. Jón sagði honum vandræði sín með mig og barnið. Þorgrímur, sem var hreinasta perla á alla lund, sagði bara: „Ég skal spyrja Jóhönnu mína, hvort hún vilji ekki taka konuna og barnið meðan þið bíðið eftir húsinu hjá Jóni Þorlákssyni.“ Það stóð ekki á svarinu hjá Jóhönnu, að ég væri velkomin þangað með barnið, sem var þá á öðru ári. Jón fór nú með okkur til Keflavíkur, og þvílíkar viðtökur hjá frú Jóhönnu! Þær eru ógleymanlegar og öll vera okkar þar frábær á allan hátt.

Jón hélt áfram að lesa í Reykjavík. Hann las á Landsbókasafninu við Hverfisgötu, en Læknaskólinn var þá í Alþingishúsinu og verkleg kennsla á Landakotsspítala. Hann svaf og borðaði hjá Sigurði á Ysta-felli eða á hans vegum þennan tíma. Það var geysilega mikið að gera í náminu seinni hluta læknisfræðinnar. Próffessor Guðmundur Magnússon yfirlæknir á Landakotsspítala var ágætis kennari, en mjög strangur. Læknanemar voru fáir, en þeir voru látnir læra mikið, því að þeir fóru allir út í sveitir sem héraðslæknar að námi loknu. Það var ekki um sérgreinar að ræða. Þeir þurftu því að vera færir í allt, sem mannskepnuna hrjáir, bæði á líkama og sál.

Mér leið ákaflega vel í Keflavík. Læknisheimilið þar var sérstakt og óvenjulegt. Þorgrímur læknir var mikill persónuleiki, glæsilegur í sjón, glaðlyndur og góður. Frú Jóhanna Knudsen var lömuð upp að mitti, gat ekki gengið og þurfti að klæða hana og hjálpa henni úr og í fötin. Hún sat alltaf í sama stólnum, brosmild og hlý. Hún stjórnaði sínu heimili, sem var í föstum skorðum. Á heimilinu voru þjónustustúlkur, sem höfðu verið hjá þeim að ég held allan þeirra búskap. Þær voru kallaðar Gunna og Sigga. Þær höfðu passað börnin meðan þau voru ung, en voru nú farin að heiman. Anna, eina dóttirin, var við nám erlendis þegar ég var þarna.

Jón Þorláksson lét ganga frá þremur svefnherbergjum uppi á Baldursgötu 15, en þetta var einbýlishús og þrjár stofur niðri, sem ekki var lokið við fyrr en um vorið. Við fengum herbergin uppi. Eitt herbergið var útbúið sem eldhús handa okkur, en hin voru stofa og svefnherbergi. Þetta var sem sé tveggja herbergja íbúð. Ég man ekki hver leigan var, en hún var svo lág, að það var bara til að sýnast. Um vorið, þegar húsið var fullgert, var húsið selt með þeirri kvöð, að við fengjum að búa þarna meðan við þyrftum og Jón væri að ljúka námi sínu. Helgi Hafliðason kaupmaður á Siglufirði keypti húsið, en hann var búsettur á Siglufirði, svo hann þurfti ekki að búa í húsinu, en leigði stofurnar niðri ungum hjónum, barnlausum. Húsin tvö á Baldursgötunni, sem kölluð voru bæirnir, voru seld á 20.000 krónur hvort. Jón Þorláksson reyndist okkur þarna svo vel, að Jón gat lesið um sumarið til að geta tekið fullnaðarpróf í febrúar næsta vetur, sem hann gerði. Þá fór hann til Kaupmannahafnar á fæðingarspítala og



Valgerður og Jón læknir með frumburðinn Önnu.

Einkacign.

var þar til vors og hafði þá fengið full réttindi sem héraðslæknir.

Þegar hann kom heim í júní, fór hann að athuga með læknisembætti. Tvö héruð komu til greina, Reykhólahérað og Öxarfjarðarhérað. Pétur Jónsson á Gautlöndum bað hann þá að fara norður, því að þar var læknislaust og gott læknishús, sem héraðið átti og læknirinn fékk leigufrétt, en á Reykhólum voru ekki góð húsakynni. Jón vildi líka frekar vera fyrir norðan. Ég lagði ekkert til málanna, þótti bara gott að eignast heimili, því að nú höfðum við eignast aðra dóttur, sem fæddist 25. ágúst 1920. Hún var skírð í Fells Kirkju, Jórunn Steinunn, en það var móðurnafnið mitt.

Ég var með báðar stelpurnar í Felli þennan seinasta vetur meðan Jón tók

sitt síðasta próf og fór í siglinguna. Það skyggði mikið á, að fóstri Jóns, Sigurður, hafði verið hjá bróður sínum Jóni Guðmundssyni, faktor á Siglufirði, þennan vetur og dottið af bryggju þar og druknað. Jón hafði vonast til að geta launað þeim fósturforeldrum sínum allt, sem þau höfðu fyrir hann gert, sem var mikið. Anna fóstira Jóns kom strax til okkar, þegar við vorum búin að koma okkur fyrir á nýja heimilinu.



Kópasker árið 1920. Lengst til vinstri er verslunarskúr, byggður 1902 sem Sveinn Einarsson frá Hraunum í Fljótum átti en þeir bræður, Jón og hann, voru búsettir á Raufarhöfn og stunduðu þar verslun. Þetta var kallað Sveinsskúrin og seldi Sveinn þaðan vörur fram um 1920. Háa húsið er Búðin, byggð 1918–1919, verslunarhús Kaupfélagsins. Næst er Kaupfélags húsið með áföstu pakkhúsi, byggt 1908, og hægra megin við það Sláturhúsið, byggt 1912. Hægra megin á mynd er Bakki, elsta íbúðarhúsið á staðnum, byggt 1912, en lengst til hægri sér í Aðalsteinshúsið.

Ljóm.: Jón Viðis.

Eigandi myndar: Kristveig Björnsdóttir.

Við komum til Kópaskers 22. júní 1921. Þorpið var lítið. Þar var sláturhús, verslunarhús Kaupfélags Norður-Þingeyinga, en íbúð hafði verið innréttuð í því húsi fyrir kaupfélagsstjóra og fjölskyldu hans, eitt íbúðarhús, sem nefndist Bakki, og nokkrir skúrar, sem notaðir voru sem geymslur og pakkhús. Kaupfélag hafði verið stofnað í héraðinu árið 1894 og fyrsta húsið, sem byggt var á Kópaskeri, var reist árið 1895, en það var vöruhús fyrir kaupfélagið.

Jón Jónsson Gauti, sem líka var bóndi, var fyrst fyrir kaupfélaginu, en það var í byrjun pöntunarfélag. Fyrsti kaupfélagsstjóri, sem sat á Kópaskeri, var Björn Kristjánsson frá Víkingavatni. Hann var ákaflega duglegur maður og vinsæll. Hann var þá nýlega giftur seinni konu sinni, Rannveigu Gunnarsdóttur frá Skógum í Öxarfirði. Hún var mikið yngri en hann, fríð kona sýnum og mikilhæf húsmóðir. Þau áttu eina dóttur á öðru ári þegar við komum þarna.

Við komum með strandferðaskipi með dæturnar tvær, sú eldri var þriggja ára, en hin á fyrsta ári. Kaupfélagsstjorahjónin tóku vel á móti okkur og buðu okkur inn á heimili sitt, sem var sérlega vistlegt. Mig minnir, að við höfum gist þar fyrstu nóttina.

Læknisbústaðurinn hét Ás og var ekki í kaптúninu. Hann var byggður árið 1911 í landi Snartarstaða, sem var stórbýli á að giska 1 km frá kaптúninu. Ás stóð sunnanvert í gróðursælum lyngási með djúpum lautum, sem voru tilvaldir sólbaðsstaðir og mikið notaðir sem slíkir. Húsið var kallað eftir ásnum, sem það stóð í. Þetta var ákaflega vel valinn staður og húsið fallett timburhús, hvítt með rauðu þaki. Ás tilheyrði sveitinni. Það var stutt

frá Snartarstöðum, og fannst mér það nokkurs konar hjáleiga frá því heimili.

Það var ákaflega gott að búa í nábyli við Snartarstaðaheimilið. Þar var sérstakt gestrisnisheimili. Húsmóðirin, Guðný Guðnadóttir, og maður hennar, Ingimundur Sigurðsson, voru samvalin í að vera veitandi. Þau höfðu stórt fjárbú og auk þess selveiði á vorin. Þá voru veiddir kópar í stórum stíl. Kópaskinn voru í háu verði, en kjötið gefið þeim, sem vildu. Við höfðum mest samband við þetta heimili og börnin léku sér þar eins og þau ættu þar heima. Aldrei var stuggað við þeim, á hverju sem gekk, en þau voru tápmikil og ærslafengin.

Næst Snartarstöðum kom annað býli, Garður. Það var líka efnaheimili og túnin lágu saman. Þá kom Brekka, örskammt frá Garði. Þar var símstöð. Allt voru þetta efnaðir fjárbændur. Þarna var enginn sjávarútvegur og fiskur keyptur frá Húsavík og Raufarhöfn.

Fyrsta íbúðarhúsið á Kópaskeri, Bakka, hafði Árni Ingimundarson reist, en hann var bróðir bændanna í Garði og Brekku. Þessir þrír bræður voru hver öðrum duglegri og vinsælli og komu mikið við sögu á þessum slóðum. Árni á Bakka var starfsmaður kaupfélagsins. Hann hafði mótorbát, sem flutti vörur úr skipunum, því að ekki var hægt að leggjast þarna við bryggju. Árni var svo fjölhæfur og greiðasamur að manni fannst hann geta leyst úr hvers manns vanda og öllum þótti vænt um hann.

Seinna, eftir að við komum á Kópasker, var byggt skólahús, það var heimavistarskóli og unglingaskóli, myndarlegt hús. Einnig var reist kirkja rétt hjá skólahúsinu. Þessar byggingar voru í túninu á Snartarstöðum og mynduðu ásamt Ási, Garði, Brekku og Snartarstöðum einskonar sveitarþorp fyrir ofan malarröndina, sem Kópasker stóð á. Segja má, að samkomulagið í þessu þorpi



Læknibústaðurinn Ás í Núpasveit um 1934. Í fjarska sér til Snartarstaðabæjanna, kirkjunnar og skólahússins. Fjögur yngstu börn læknishjónanna standa í forgrunni myndar. Frá vinstri talið: Sveinn, Árni, Jódís, Sigurður.

Eigandi myndar: Kristveig Björnsdóttir.

hafi verið með ágætum, eins og á stóru kærleikshemili.

Presturinn sat á Presthólum, en það var gamalt prestssetur. Þegar við komum þarna, var séra Halldór Bjarnason prestur þar. Hann átti í miklum útistöðum við ýmsa og var ekki vinsæll af sóknarbörnum sínum. Hann var gamall maður, þegar við kynntumst honum, og höfðum við ekki nema gott af honum að segja. Hann

sagði af sér og fluttist til Reykjavíkur, en þá kom séra Páll Þorleifsson og sat á Skinnastað í Öxarfirði. Presthólar voru þá ekki lengur prestssetur, en bóndinn í Garði keypti jörðina. Séra Páll var alla sína prestskapartíð á Skinnastað. Hann var mjög vinsæll og góður ræðumaður og kennari. Hann tók oft unglinga í kennslu og kenndi líka í skólahúsinu í Lundi, sem stóð skammt frá Skinnastað.

Fjárhagur okkar Jóns var ekki góður þegar við komum til Kópaskers. Jón þurfti að kaupa lækniáhöld og lyf fyrir eigin peninga, sem engir voru til eftir langt nám, þó að hann fengi góða aðstoð bæði frá föstra sínum og Fellsheimilinu. Við komumst því ekki hjá því að taka lán. Pétur Halldórsson, síðar borgarstjóri í Reykjavík, frændi Jóns, gekk í ábyrgð fyrir hann, bæði þegar hann fór út til að ljúka námi og svo til að kaupa lækniáhöld, sem hann keypti í Danmörku. Hann hafði þau því tiltæk, þegar hann kom til Kópaskers, og það kom sér vel, því að daginn eftir að hann kom, var hann sóttur til sængurkonu og var það hans fyrsta lækniwerk í héraðinu. Þetta var erfið fæðing, og barnið var tekið með tóngum. Lyfin, sem hann keypti í Reykjavík, komu ekki með sama skipi, og var það óþægilegt, því að nú streymdi fólk til hans. Héraðið hafði verið lækniðlaust í þrjú ár áður en við komum. Þrátt fyrir þau góðu kjör að fá ókeypis húsnæði, sem ekki var boðið upp á annars staðar, hafði héraðinu haldist illa á læknum.

Við fluttum í tómmt húsið Ás með dæturnar tvær, en Anna, föstra Jóns, kom fljótlega, og kom það sér vel að fá hana til að gæta telpnanna meðan við vorum að koma okkur fyrir. Búslóðin var ekki mikil, það sama og við áttum á Baldursgötu 15,



Snartarstaðir. Húsið var byggt um 1910 af Ingimundi Sigurðssyni. Til hægri sér á enda gömlu baðstofunnar sem Sigurður Rafnsson bjó í, faðir Ingimundar.

Eigandi myndar: Kristveig Björnsdóttir.



Kirkjan á Snartarstöðum, ófullgerð, ásamt Núpasveitarskóla. Bæði þessi hús voru í byggingu á sama tíma. Kirkjan var vígð 3. mars 1929 en skólahúsið tekið í notkun um áramótin 1928/1929.

Eigandi myndar: Kristveig Björnsdóttir.

sem var bara lítil íbúð, en nú var þetta heilt hús. Þrjár stofur niðri auk forstofu, eldhús og búr. Uppi var kvistur rúmgóður, sem notaður var sem hjónaherbergi og fjögur minni svefnherbergi. Einu almennilegu húsgögnin, sem við áttum, var hjónarúm útskorið eftir Stefán Eiríksson myndskera, mesta kjörgríp. Ég átti eftir að liggja margar sængurlegur í því rúmi. Jón var mjög barngóður og vildi sjálfur eiga mörg börn, sem hann fékk, en ég var nú ekki eins ánægð með það.

Þegar lyfin komu, lögðust til nógir kassar. Þegar búið var að klæða þá með allavega rósóttu lérefti, voru þetta snotrustu húsgögn. Börnin fengu að leika sér óþvingað bæði úti og inni. Ásinn var tilvalinn leikvöllur fyrir börn. Þá var að koma meðulunum fyrir. Sú kvöð fylgdi héraðinu, að lækknirinn þurfti að reka apótek fyrir eigin reikning. Þetta hafði mikinn kostnað í för með sér í byrjun, og eins og læknisáhöldin voru þessi lyf fengin að láni á ábyrgð Péturs Halldórssonar. Ein stofan niðri var gerð að apóteki, skrifstofu og læknisstofu. Við settum þar upp hillur, alveg upp í loft, og í þær var raðað glösum og krukum. Á borði var vog, mjög nákvæm, og þar var allt mælt og vegið.

Við fengum strax síma, og það var eina sambandið við umheiminn. Í fyrstu fannst mér ég vera þarna eins og á eyðimörk, ég sá aldrei það fólk, sem ég hafði glaðst með bæði í ásku og skólum. Það sórtu oft að mér mikil leiðindi, sem mér þóttu lítt bærilæg. Þá kom sér vel uppeldi mitt, sem var fyrst og fremst að gefast ekki upp, á hverju sem gengi.

Við Anna fóstira Jóns vorum þarna í svipaðri aðstöðu. Hún hafði allan sinn aldur verið í Mývatnssveit. Þar var engin lærd ljósmóðir, en Anna tók á móti þeim

börnum, sem þar fæddust. Hún var kjarkmikil og hreinlát, og henni tókst þetta með ágætum. Það voru því mikil umskipti fyrir hana að koma í þetta pláss, þar sem hún þekkti engan, og veit ég að hún hefur oft saknað vina sinna. Auk þess var hún búin að missa sinn ágæta mann, þegar hún kom til okkar. Börnin voru því hennar eina ánægja og svo Jón, sem var henni góður og nærgætinn.

Jón var mikið í löngum ferðalögum. Í Öxarfjarðarhéraði voru fimm sveitir, Hólsfjöll, Kelduhverfi, Öxarfjörður, Núpasveit og Melrakkaslétta, þar með talin Raufarhöfn. Héraðið var því stórt, en ekki illt yfirferðar að því leyti, að hvorki tálmuðu há fjöll né illfær vatnsföll. En veður voru oft hörð á vetrum þarna rétt við heimskautsbauginn, og norðaustan stórhriðin lítt girnileg fyrir riðandi menn eða fótgangandi, en þá þekktust ekki önnur farartæki.

Jón var 31 árs gamall, þegar hann kom til Kópaskers. Hann var þá mjög vel á sig kominn líkamlega, enda hafði hann stundað líkamsrækt á námsárunum, bæði leikfimi og sund. Það kom sér líka vel. Hann varð að vera tilbúinn alla 24 tíma



Úr stásstofu Valgerðar og Jóns læknis í Ási.

Eigandi myndar: Kristveig Björnsdóttir.

sólarhringsins að sinna kalli sjúklinga sinna. Hann átti ekki frí einn einasta dag, og allan þann tíma, sem hann var lækni í héraðinu, fékk hann aldrei sumarfrí. Hann var að vísu í gistivist á Landspítalanum í þrjá mánuði árið 1936, en þá fékk hann annan lækni, Snorra Ólafsson, til að gegna læknisstörfum fyrir sig. Annars var aldrei hægt að fá lækna til að hlaupa í skarðið, ef lækni vildi hvíla sig. Ferðirnar tóku langan tíma. Hann kom stundum ekki heim úr þeim svo dögum skipti, oft örþreyttur maður, enda fór það svo, að þetta hérað varð honum að aldurtíla aðeins 54 ára gömlum.

Björg systir mín kom til okkar um haustið. Hún undi ekki hag sínum í Felli eftir að ég fluttist þaðan alfarin. Meðan hún dvaldist hjá okkur var hún ljósmóðir í sveitinni, því að þá var þar ljósmóðurlaust. Hún tók á móti nokkrum

börnum, þar á meðal Barða Friðrikssyni, sem nú er lögfræðingur og starfar hjá Vinnuveitendasambandi Íslands. Móðir Barða, Guðrún í Efri-Hólum, var ljósmóðir og Barði var hennar tíunda barn og síðasta. Efri-Hóla heimilið var sérstakt heimili. Þar ríkti framsýni og dugnaður og reglusemi. Þau hjón, Guðrún Halldórsdóttir og Friðrik Sæmundsson, voru mjög samhent og höfðu gott lag á að gera garðinn frægan. Það lífgaði upp á heimilið, þegar Björg kom. Mér fannst það bæta nokkuð úr leiðindunum. Þá kom bréf frá Sigrúnu frænku okkar í Glasgow og hún bauð Björgu til sín til frekara náms. Björg fór til hennar og lærði hjúkrun eins og áður sagði.

Nú fór að fjölga hjá okkur, börnin fæddust annað hvert ár. Fyrst stúlka 4. janúar 1924. Hún var skírð Björg, en dó tveggja ára gömul úr mænuveiki, sem þá



Valgerður í Ási með börn sín árið 1934. Frá vinstri talið: Árni, f. 1929, Jórunn, f. 1920, Jódís, f. 1927, Sveinn, f. 1931, Sigurður, f. 1925, Anna, f. 1918.

Eigandi myndar: Kristveig Björnsdóttir.



Árni Jónsson, húsgagnasmíður og hönnuður.

Einkaeign.



Sigurður Jónsson, vélstjóri.

Einkaeign.

gekk í héraðinu. Jón lá í henni um tíma, en var svo lánsamur að lamast ekki. Næsta barn, Sigurður, fæddist 6. október 1925 og Jón varð afar glaður að fá loksins strák eftir að hafa eignast þrjár dætur. Fimmta barn, Jódís, fæddist 12. október 1927, sjötta barn, Árni, fæddist 2. apríl 1929, og sjöunda barn, Sveinn, fæddist 24. ágúst 1931. Þá veiktist ég alvarlega. Fékk blóðtappa í lungu og var nær dauða en lífi, en með sérlegri umönnun Jóns og ljósmóðurinnar tókst mér að komast yfir þetta.

Ljósmóðirin var Dýrleif Friðriksdóttir frá Efri-Hólum. Hún lærði ljósmóðurfræði og tók við embættinu af móður sinni, Guðrúnu. Fyrsta konan, sem hún var hjá, þá 20 ára gömul, var ég, en þá átti ég mitt fjórða barn, Sigurð. Þá var ég 30 ára. Dýrleif var hjá mér í þetta sinn,

meðan ég var að komast til góðrar heilsu, en það tók langan tíma. Hún tók á móti öllum þeim börnum, sem ég átti eftir að hún varð ljósmóðir og var alltaf hjá mér, meðan ég lá á sæng og lengur, ef með þurfti. Hún var mjög ánægjuleg ljósmóðir og vel gerð á allan hátt og gott að hafa hana hjá sér. Hún giftist seinna Daníel Á. Daníelssyni lækni á Dalvík.

Eftir að ég fór að eiga börnin svona ört var mikið umvélis á heimilinu. Við þurftum stundum að hafa sjúklinga, sem urðu að vera undir læknishendi, þó ekki rúmliggjandi. Það var ekkert húsrúm til þess eftir að fór að fjölga. Ég fékk strax vinnukonu, þegar þriðja barnið fæddist, og hafði stundum tvær stúlkur. Anna föstra Jóns sat nú við rokk sinn og spann og þrjónaði sokka á börnin. Hún var aldrei höfð í erfiðisverkum, en tóskapur

var hennar uppáhaldsiðja. Seinustu fimm árin var hún að mestu rúmliggjandi, hafði þá fengið snert af slagi. Hún andaðist árið 1933, 81 árs að aldri.

Það var mikið að gera á barnmörgu heimili í þá daga. Í húsinu var kolaeldavél og kolaofnar fyrst, en seinna kom miðstöð út frá eldavélinni. Olfulampar voru í hverju herbergi, sem þurfti að fægja vikulega, þvottar miklir, sem þvegnir voru í kjallara. Þar var þvottapottur til að sjóða í. Mörg rúm að búa um á hverjum degi. Þrjú yngstu börnin voru í kvistinum hjá okkur. Þau vöktu hvert annað á næturnar og mér fannst ég aldrei geta sofð væran blund öll þau ár, sem ég stóð í barneignum. Ég annaðist þau alltaf sjálf á næturnar, en svo tóku stúlkurnar við á morgnana, komu þeim á fætur og gáfu þeim að borða. Það kom sér vel að geta látið þau út. Þarna var engin hætta, og þau byggðu sér hús, vegi og allt það, sem eldra fólkið hafði að, gerðu þau í Ásnum. Rétt fyrir neðan húsið var tjörn, sem pabbi þeirra kenndi þeim að synda í, þegar þau höfðu aldur til. Svo fóru þau í sólbað í lautunum. Þetta var sérlega hentugur staður fyrir barnafólk. Börnunum kom vel saman. Þau voru látin sjálfráð með sína leiki og aldrei rexað í þeim. Jón var afar umhyggjusamur heimilisfaðir og lék sér við börnin, enda hafði hann mikla ánægju af þeim.

Jón fór fljótlega að rækta þarna tún. Hann fékk mann til að rista ofan af og undirbúa. Þá voru einungis notuð handverkfæri til þess. Við fengum fljótlega eina kú, en áður fengum við mjólk á Snartarstöðum. Með tímanum varð þetta tún svo stórt, að það fódraði tvær kýr, en eftir að börnunum fjölgaði veitti ekki af mikilli mjólk. Það fódraði líka hest, því að



Jón Árnason læknir á reiðhesti sínum.

Eigandi myndar: Kristveig Björnsdóttir.

skömmu eftir að Jón kom í Ás keypti hann sér hest og kom upp yfir hann húsi á eigin kostnað. Lögum samkvæmt átti að sækja lækni á hestum og leggja til fylgdarmann. Jón kynntist fljótt héraðinu og taldi sig ekki þurfa fylgdarmann. Hestar héraðsbúa voru líka misgóðir. Hann keypti sér því gæðing mikinn, sem kallaður var Læknis-Rauður. Þessi hestur hafði mikið vit, og svo mikill vinskapur myndaðist með honum og húsbónda hans, að sjaldgæft var. Jón hirti hann sjálfur og gaf honum gott fóður. Hann ferðast mikið á Rauð. Þetta var mikið hagræði fyrir héraðsbúa, en mér fannst of áhættusamt, að hann væri einn í svo löngum ferðum fjarri mannabyggðum, í hvaða veðri sem var. En þetta blessaðist þó. Enginn mátti koma á bak Rauði nema Jón. Rauður var

felldur þegar bílarnir komu til sögunnar og var þá orðinn gamall og fötúinn.

Ég þurfti að sauma allan fatnað á börnin og fékk því ágæta saumavél, fótstigna, en slíkt var þá alveg nýtt. Ég keypti danskt móðinsblað, sem hét *Mönster Tidende* og gat því fylgst með móðnum. Eftir að dæturnar stækkuðu þurftu þær að vera finar í tauinu. Alltaf fékkst efni í fatnað í kaupfélaginu, en enginn tilbúinn fatnaður. Seinna keypti ég prjónavél og lét stúlkur mínar prjóna á hana nærföt og peysur á börnin. Bandið var spunnið heima, fyrst á rokk, síðan á spunavél. Ég prjónaði aldrei á vélina. Mín handavinna var baldýring. Ég baldýraði upphlutsborða fyrir konurnar í héraðinu og sendi líka borða suður til Reykjavíkur til sölu.

Kristín Jónsdóttir frænka mín, sem með mér var í Felli og á Saudárkróki hjá frú Elínu Briem, hafði farið á Kunstflid-skólann í Kaupmannahöfn fyrir tilstilli frú Elínar. Sá skóli var fyrir verðandi kennara í handavinnu. Einnig fór hún til Skotlands til frænku okkar, Sigrúnar, og lærði þar kjólasaum. Eftir að Kristín kom heim, kenndi hún í Kvennaskólanum á Blönduósi. Þá kenndi þar einnig Ingibjörg Einarsdóttir, prests í Reykholti, en móðir hennar, Jóhanna, var systir frú Elínar Briem. Með þeim Ingibjörgu og Kristínu tókst svo góð vinátta, að þær stofnuðu síðar saman Verslunina Baldursbrá, Skólavörðustíg 4, Reykjavík. Þetta var mikið átak fyrir tvær efnalitlar konur. Húsið var áður trésmíðaverkstæði, en þær breyttu því í verslunarhúsnæði niðri og íbúð uppi. Þær versluðu með allt, sem tilheyrði íslenskum búningi og efni til handavinnu, enda kenndu þær einnig ungum stúlkum handavinnu ásamt

verslunarrekstrinum. Ingibjörg giftist síðar Eyjólf Eyfells listmálara og þau áttu fjögur börn og ólu upp eitt barnabarn. Þetta heimili stóð alltaf opið vinum og vandamönnum, sem leið áttu hjá, og þær stöllurnar virtust alltaf hafa tíma til að hjálpa fólki og greiða fyrir því. Verslunin var rekin með mestu prýði eins og allt annað, sem þær komu nærri. Ég sendi upphlutsborðana í þessa verslun og hafði af þeim góðar tekjur. Ekki leið á löngu, að ég gæti keypt borðstofuhúsgögn, ljómandi falleg, útlend fyrir mína baldýringarpeninga. Seinna keypti ég körfuhúsgögn í stofu, en þau voru þá nýjasta tíska. Síðan keypti ég píanó, sem elstu systurnar lærðu á þegar þær höfðu aldur til.

Sveinn Þórarinsson frá Kílakoti í Kelduhverfi hafði lært listmálun í Danmörku. Hann giftist þar danskri konu, Karen Agnete Þórarinsson, sem líka var listmálari. Hún kom upp með Sveini og þau settust að í Kílakoti í lélegum húsakynnum, en hún var alin upp í Kaupmannahöfn við mikil efni og góða menntun. Allir furðuðu sig á því, að hún skyldi leggja þetta á sig, að koma hingað heim með Sveini, bláfátækum manni, sem ekki var farinn að selja málverk sín þá að neinu ráði. Þegar þetta barst í tal við hana sagði hún bara: „Svend er alltaf sá god og sá glad.“

Frú Karen var alltaf hjá okkur, þegar Sveinn fór í söluferðir suður á veturna, og kenndi telpunum á píanó. Það var gott fyrir okkur báðar. Ég fékk þarna góðan félagsskap og hún vel upphitað húsnæði, en Kílakot var gamall bær, sem lak og var alls ekki boðlegur þeirri ágætu konu. Svona getur nú ástin verið, og hún brást aldrei hjá þessum hjónum.



Á Heimilisíðnaðarsafninu á Blönduósi er upphlutur Valgerðar Sveinsdóttur frá Felli sem dótturdóttir hennar, Valgerður Ólafsdóttir, afhenti safninu 1. ágúst 2004. Valgerður Sveinsdóttir gerði upphlutinn, saumaði alla baldýringu á búninginn, beltið og veskið. Skotthúfa, belti, brjóstnæla og allt silfur fylgdi með. Einungis svantan og blússan eru úr förum Heimilisíðnaðarsafnsins.

Ljósma.: Hjalti Pálsson.

Þau komust seinna í góð efni og eiga nú einbýlishús í Reykjavík. Bráðum eiga þau gullbrúðkaup. Þessi hjón hafa ævinlega verið miklir vinir mínir, og ég hef átt marga glaða stund með þeim.

Þegar börnin stækkuðu svo, að þau þurftu að fara að læra að lesa, kom það í minn hlut að kenna þeim. Skólaskyldu-aldurinn var þá 10 ára. Þau fóru þá fyrst í

barnaskóla og þurftu að vera sæmilega læs og skrifandi. Jón var svo stopult heima, að hann gat lítið sinnt þessu, svo það kom að mestu í minn hlut. Ágætis kennari var í barnaskólanum, Halldóra Friðriksdóttir frá Efri-Hólum. Hún kenndi öllum okkar börnum í skóla, bæði á barnaskóla og unglingaskóla, en pabbi þeirra kenndi þeim tungumál og það sem þyngra var í náminu. Þau lærðu það mikið, að dæturnar þrjár tóku allar próf upp í annan bekk Verzlunarskóla Íslands og luku þeim skóla með góðum einkunnum. Tvær eldri systurnar fengu skrifstofuvinnu í Reykjavík og fóru fyrstar að heiman.

Öll félagsstarfsemi á Kópaskeri fór fram í skólahúsinu. Við konurnar stofnuðum kvenfélag, sem við nefndum „Stjórnuna“. Ég var formaður þess meðan ég bjó þarna, og Rannveig, kona Björns kaupfélagsstjóra, var gjaldkeri. Þarna var enginn félagsskapur áður og þetta var reglulega til að gleðja mannskapinn. Jón var okkar önnur hönd með skemmti-atríði, en við höfðum samkomur og alskonar gleðskap. Jón orti stundum brandarakveðskap með nöfnum okkar allra, sem gerði mikla lukku. Hann kunni vel að gera glatt í kringum sig.

Það mætti skrifa heila bók um alla þá örðugleika, sem komu upp í sambandi við sjúklinga á þessum árum. Samgöngur voru svo slæmar, að það var ómögulegt að koma sjúklingum frá sér í neyðartilfellum. Jón varð því að gera miklar læknisáðgerðir við vond skilyrði í heimahúsum. Hann var heppinn í sínum læknisstörfum, enda lagði hann sig allan fram og sat oft dögum saman hjá þeim, sem hann taldi í lífshættu. Hann var oft við erfiðar fæðingar og missti aldrei konu, þótt illa liti út með það stundum. Það var haft eftir einni konu,



Fólkið í læknisbústaðinum Ási um 1927. Frá vinstri: Jórunn, Valgerður, Anna, óþekkt kona, Jón læknir, sjúklingur Tryggvi Helgason bóndi í Hólsseli á Hólsfjöllum, Anna Jónsdóttir, fóstura Jóns, með Sigurð Jónsson og vinnukonan Sigríður Jónsdóttir frá Vatnsleysu í Skagafirði. Sigríður varð síðar kona Halldórs Árnasonar, bróður Jóns, og húsfreyja í Garði í Mývatnssveit.

Einkaeign.

sem var dálítið skrýtin, „að hann kynni svo vel á kvenfólk“. Með síðustu verkum hans sem fæðingarlæknis var, að hann sat yfir konu, sem alltaf gekk illa að fæða. Það var fyrirsæt fylgja og leit mjög illa út með hana. Hann var hjá henni í heila viku og tókst að bjarga henni. Hún fæddi dreng, sem skírður var í höfuðið á Jóni. Jón var búinn að vara við þessu og vildi ekki að hún ætti fleiri börn. Nú, þegar fæðingin tókst með naumindum, vildi hann að hún færi suður og léti gera sig ófrijóa, en þá þurfti að fá leyfi til þess. Þessu var ekki sinnt, og konan dó af barnsförum tveimur árum seinna. Þá var Jón dáinn og ekki unnt að bjarga henni. Þetta var áður en pillan kom.

Einn ókosturinn við að vera héraðslæknir á þessum árum var sá, að þeir voru einir í starfi sínu og höfðu engan

til að ráðgast við, hversu alvarleg sem veikindin voru. Þó man ég ekki til, að Jón kallaði til annan lækni nema einu sinni. Á Raufarhöfn bjuggu mikil heiðurshjón og vinafólk okkar Jóns, Sveinn Einarsson kaupmaður og kona hans Guðrún Pétursdóttir Guðjohnsen. Þau áttu son, Pétur að nafni. Hann var einkasonur þeirra og augasteinn. Pétur var afar efnilegur og mikill tónlistarmaður. Síðla sumars árið 1929 var Jón á ferð á Raufarhöfn og hafði lokið erindum sínum. Hann kom þá við í „Búðinni“, en svo var heimili þeirra Sveins og Guðrúnar nefnt, til að heilsa upp á þessa vini sína. Þá kom Pétur inn og bað hann að taka úr sér tönn, því að hann hefði mikla tannþínu. Jón var alltaf með öll áhöld með sér, og sagði að ekkert væri sjálfsgaðara. Pétur skrapp síðan út, en kom aftur og sagðist vera hættur



Kópasker á árunum 1940–1942. Kantur nýju bryggjunnar í forgrunni en gamla bryggjan fjar neðan undir kaupfélagshúsunum. Bátar í fjörukambi. Lengst til vinstri sér á Gömlu búðina en síðan Kaupfélagshúsið með viðbyggðu pakkhúsi. Þessi síðasttöldu hús brunnu 10. október 1943 en Gömlu búðinni tókst að bjarga. Sláturbúsið frá 1912 er sem næst á miðri mynd, en milli Búðarinnar og Kaupfélagsshússins sér á yngra Sláturbúsið, byggt 1928. Hægra megin er elsta íbúðarhús á Kópaskeri, Bakki. Þar bjuggu Ástfríður Árnadóttir og Árni Ingimundarson sem var lengi starfsmaður Kaupfélagsins. Háa húsið er Melar, byggt 1930 af Jóni syni Árna á Bakka en lengst til hægri er Aðalsteinshús, gömul kaupmannsbúð og verslunarhús.

Ljós.: Kristveig Björnsdóttir.

við að láta taka tönnina. Hann hefði fengið meðal við tannverk hjá norskum skipstjóra, sem hann hitti. Jón gat ekki neytt hann undir töngina og fór heim. Nokkrum dögum síðar var hann kallaður til Péturs. Kinnin hafði bólgnað upp, og þegar Jón kom, sá hann strax, að blóðeitrun hafði myndast út frá tönninni. Þetta var áður en súlfalyfin komu, svo að blóðeitrun var sama og dauðadómur. Þá hringdi hann í skólabróður sinn og



Pétur Sveinsson frá Raufarhöfn.

Eigandi myndar:
Kristveig Björnsdóttir.

vin, Eggert Einarsson, sem þá var lækni á Þórshöfn á Langanesi. Eggert kom, en gat heldur ekkert að gert. En þeir sátu saman yfir piltinum þar til yfir lauk. Ég man glögg, þegar Jón kom heim úr þessari ferð. Hann kom riðandi „Stíginn“, en það var reiðvegur á milli Kópaskers og Raufarhafnar, bugaður maður. Þetta var á afmælisdaginn hans þegar hann varð 40 ára.

Á þessum árum var samvinnuhreyfingin alls ráðandi í Þingeyjarsýslum,



Önnur mynd af Kópaskeri frá árunum 1940–1942. Lengst í fjarska til vinstri er húsið Steinnes, byggt 1930, en tvílyfta húsið með valmabakinu er Útskálar, íbúðarhús Björns kaupfélagsstjóra sem byggt var 1934. Milli þeirra sér á hlöðu og hægra megin við Útskála eru tvær samstæðar hlöður sem Björn átti. Í miðri mynd er Kaupfélags húsið gamla með pakkhúsinu en á bak við það og til hliðar sér á þak Búðarinnar. Sláturhúsið gamla gengur lengst fram að sjónum en á bak við það sér á stafn Vélahússins. Sjónarvotti er í minni bruni Kaupfélags hússins 10. október 1943 þegar Jón læknir sat klofvega fremst á menni Vélahússins, tók á móti vatnsfötum og skvetti úr án afláts. Líklegt er að lungu Jóns læknis hafi þá bedið skada af reyknunum. Nákvæmlega þremur mánuðum eftir brunann lést hann úr lungnabólgu 10. janúar 1944.

Hæst ber húsið Mela en Aðalsteinshús er næst á mynd. Sér á langhlið Bakkahússins bak við Mela. Tvær bryggjur liggja fram úr fjörunni, sú gamla nær en sú yngri fjar.

Ljós.: Kristveig Björnsdóttir.

enda stóð vagga hennar þar. Jón var ekki í Kaupfélaginu og ekki framsóknarmaður. Hann var yfirlýstur sjálfstæðismaður. Slíkir menn voru ekki vel séðir um þessar mundir á þessum slóðum, þar sem *Tíminn* var biblían og Jónas frá Hriflu átrúnaðargoð eftir að hann varð valdamestur á sínum tíma. Jón var ekki hrifinn af valdabrölti Jónasar, og urðu þarna nokkur átök milli hans og Jónasardýrkenda. Jón var mjög sjálfstæður í hugsun og lét ekki aðra ráða, hvar hann var í pólitíkinni, enda reyndi hann aldrei að blanda sér í annarra mann ákvarðanir

í þeim efnum eða öðrum. Pólitíkin var hörð hér á landi á þessum árum og svo persónuleg og rætin, að stundum endaði það í algeru siðleysi. Heimili okkar fór ekki varhluta af því fremur en aðrir, sem drógust inn í rás viðburðanna. Þetta kom illa við Jón, því að hann var hreinskiptinn maður og gat ekki liðið lygi, róg og fals.

Þótt Jón væri ekki í Kaupfélaginu, studdi hann það með því að geyma þar fé sitt, ekki aðeins þær greiðslur, sem hann fékk fyrir læknishjálp og lyf í héraðinu, heldur einnig hluta af föstu laununum, sem hann fékk greidd af ríkinu. Það

gerðist á þann hátt, að í stað þess að taka út fé til eðlilegrar endurnýjunar á vörubirgðum apóteksins, keypti hann lyfin fyrir föstu launin, en lét andvirði seldu lyfjanna liggja í Kaupfélaginu. Afganginn af fastakaupinu lét hann upp í skuldir fyrst í stað, því að hann áleit, að enginn væri frjáls ef hann skuldaði, og hann vildi vera frjáls. Allar greiðslur í héraðinu, þar með talin læknishjálp, fóru í gegnum Kaupfélagið. Peningar voru ekki til. Héraðsbúar lifðu nær allir á sauðfjárrækt og lögðu afurðir sínar inn í Kaupfélagið, sem annaðist sölu á þeim og lagði andvirðið inn á reikning viðkomandi. Síðan voru vörur teknar út til heimilisnota eða ávísað á reikninginn, ef um þjónustu var að ræða, sem ekki var veitt af félaginu. Það sem afgang var, var varðveitt í sjóðum félagsins og úthlutað sem lánsfé til þeirra bænda, sem vildu bæta afkomu sína með ýmsum framkvæmdum.

Skuldir hinna fátækustu voru þannig gerðar upp, að félagið greiddi einn þriðja af þeim, deildir þess einn þriðja og skuldunautur þriðjunginn, sem eftir var, annars sveitar-sjóður eða vinir og vandamenn, sem mun hafa verið algengast. Með þessu



Björn Kristjánsson kaupfélagsstjóri KNP 1916–1946.

Eigandi myndar:
Kristveig Björnsdóttir.



Rannveig Gunnarsdóttir húsfreyja á Kópaskeri 1918–1957.

Eigandi myndar:
Kristveig Björnsdóttir.

var mönnum forðað frá því að þiggja af sveit, en það þótti mikil skömm í þá daga og kostaði þar að auki réttindamissi. Þessi tilhögun var Jóni mjög að skapi, því að hann hafði mikla samúð með lítilmagnanum, og hefur það eflaust verið ein ástæðan fyrir því, að hann studdi Kaupfélagið. Sem læknir hafði hann engan hag af því, nema sem venjulegur viðskiptavinur verslunar þess. Hann var gestur í þessu héraði og átti þar hvorki lóð né land. Hagsmunir hans fólust því fyrst og fremst í því að vera frjáls að sínum peningum og geta ráðstafað þeim að vild.

Þó man ég ekki til, að þetta yrði ágreiningsefni milli hans og kaupfélagsmanna, nema tvisvar. Í fyrra skiptið höfðum við pantað skó á börnin frá Reykjavík gegn póströfu, þar sem þeir fengust ekki í Kaupfélaginu. Þetta var að vorlagi árið 1929 og ég lá á sæng í sjötta sinn. Þegar tilkynningin barst okkur um, að skórnir væru komnir, fór Jón

ofan á Kópasker til að ganga frá því, að Kaupfélagið innleysti póströfuna og til að sækja skóna. Hann kom aftur tómhentur, og ég spurði, hvar skórnir væru. Hann leit á mig brosandí og kankvís og sagði,

að honum hefði verið sagt á „Skerinu“, að hann gæti sjálfur innleyst þessa skó. Hann fór síðan niður í apótek og skrifaði kaupfélagsstjóranum bréf, þar sem hann krafðist þess að fá alla inneign sína hjá félaginu greidda út.

Nú vildi svo til, að á þessum árum eða áratugnum 1924–1933, var í engu héraði í þessu landi hraðari uppbygging en á félagssvæði Kaupfélags Norður-Þingeyinga, þrátt fyrir að verð á afurðum bænda hafði farið lakkandi. Kaupfélagsmenn höfðu komist að þeirri niðurstöðu, að kyrrstaða væri sama og hnignun. Þeir létu því af hendi, samkvæmt óskum, byggingarefni til sérhvers félagsmanns, sem taldi sig þurfa að byggja yfir sig og sína, hvað sem horfum leið um greiðslumöguleika. Á þessum árum fjórfölduðust verslunarskuldur viðskiptamanna Kaupfélagsins og þar ofan á bættust bankaskuldir. En framkvæmdir voru miklar. Í árslok 1933 var búið að byggja eða stofna til bygginga í héraðinu á meira en 40 steinsteyptum íbúðarhúsum, að mestu leyti búið að slétta gömlu túnin og rækta ný tún, víðast búið að girða tún og engi, fjölga búpeningi stórlega og víða búið að byggja vönduð peningshús. Jón hafði ótrú á skuldum eins og áður sagði og hefur vafalaust fundist nokkuð djarft siglt hjá þeim kaupfélagsmönnum. Hann hefur því ekkert haft á móti því að minna þá á, hver væri að ráðskast með peninga hvers.

Björn Kristjánsson brá hart við, þegar hann fékk bréfið, og kom á fund Jóns. Þeir settust út á tún á sína þúfuna hvor og ræddu málin. Þetta voru ólíkir menn, en báðir stórir í sniðum. Jón var hár og grannholda, hann var hreinskiptinn, en stífur og sagði það, sem honum bjó í brjósti. Björn var feitlaginn, hann var hlé-

drægur maður, en hörkuduglegur stjórnandi, mjúkur í viðskiptum sínum við fólk og lipur samningamaður. Þrátt fyrir skoðanamismun virti Jón hann mikils. Björn sagði Jóni, að ef hann tæki innstæður sínar út færi Kaupfélagið á hausinn og mun það hafa verið mála sannast, eins og þá var ástatt. Jón dró til baka kröfu sína um að fá greidda innstæðuna, en vildi fá skóna greidda og það var gert.

Seinni ágreiningurinn kom upp árið 1933. Þá var kreppan í algleymingi. Verðfall á afurðum bænda varð svo mikið, að efnahagur þeirra komst á vonlaust stig. Fjöldi þeirra átti naumast fyrir skuldum og sumir minna en það. Þegar svo er ástatt, reynir hver að bjarga sjálfum sér, enda fór það svo, að Kaupfélagið treysti sér ekki lengur til að veita þá samhjálp, sem áður tíðkaðist, þ.e. að taka á sig þá tvo þriðju skulda fátækra, sem áður var sagt frá. Í héraðinu var svo mikill skortur á peningum, að telja mátti til undantekninga, ef nokkur gat greitt í þeirri mynt. Héraðsbúum var því nauðugur einn kostur að greiða gegnum Kaupfélagið.

Nú veiktist fátækt fólk ekki síður en aðrir, en Kaupfélagið neitaði að greiða fyrir það. Fyrir Jón var þetta vandamál, sem erfitt var að leysa. Átti hann einn að taka á sig þessar byrðar og gefa öllum fátækum lyf og læknishjálp eða leita til þeirra aðila, sem lögum samkvæmt áttu að annast þessar greiðslur, en það voru skattgreiðendur eða sveitarsjóður? Nú var Jón skattgreiðandi og lagði þar með fram sinn skerf. Hann setti því upp eftirfarandi auglýsingu í Kaupfélagið, og var hún í samræmi við þær reglur, sem giltu í Reykjavík:

AUGLÝSING

Frá 1. maí n.k. hatti ég lánum á lyffjum og læknishjálp nema fyrirfram hafi verið samið um greiðslukostnað. Jafnframt óska ég, að menn leitist við að greiða a.m.k. allar smáupphæðir út í hönd. Það skal fyrirfram tekið fram, að ekki verður lengur tekin gild væntanleg kaupfélagsborgun, sumpart vegna þess, að þar virðist oft vísað í tóman sjóð, og sumpart sökum þess, að K.N.Þ. telur sig hafa í hyggju að hætta öllum millifærslum, a.m.k. í því formi, sem þar hafa verið.

Auglýsing þessi á sér langa forsögu og er skrifuð í fullri alvöru. Menn eru áminntir um að greiða svo götu hennar, að eigi hljótist óþægindi né slýs af því, að hún sé eigi öllum héraðsbúum kunn.

15. marz 1933

Jón Árnason, læknir.

Jafnframt tilkynnti hann öllum oddvitum í læknishéraðinu að eftir 1. maí lánaði hann engum manni, hvorki lyf né læknishjálp, nema gegn hreppsábyrgð og að hann gerði þar alla jafna, bæði ríka og fátæka. Afleiðing þessa var meiriháttar sprenging. Menn fyrtust. Í hugum fólks var læknisstarfið svo tengt göfgi og líkn, að það þótti nánast goðgá að nefna peninga í sömu andránni. Hvort læknirinn og fjölskylda hans hefði í sig og á var önnur saga. Jón tók þessu með ró, og eftir 1. maí hélt hann áfram að veita læknishjálp og lyf eins og ekkert hefði í skorist. Hann fékk allt sitt greitt. Nú fór líka að birta til í efnahagsmálum héraðsbúa. Björn

Kristjánsson, sem eins og áður sagði, var hlédrægur maður, dreif sig á þing árið 1931. Hann sat þar til ársins 1934, og svo heppilega vildi til, að lög um kreppulánasjóð til hjálpar bændum voru samþykkt á Alþingi 19. júní 1933. Þar með voru bændur lausir við skuldaklaffann og gátu unað glaðir við sitt.

Veturinn 1935–36 gekk mænuveikin á ný. Ég veiktist þá en lamaðist ekki, en mikil myndarhúsfreyja á Kópaskeri, Guðrún Kristjánsdóttir, systir Björns, lamaðist og beið þess aldrei bætur. Ég man að ég var alltaf að hreyfa fæturna, þar sem ég lá í rúminu, til að vita hvort ég gæti það ekki áreiðanlega. Páll Sigurðsson var þá læknir á Hofsi og hafði áður fengið veikina. Hann lamaðist svo mikið að hann varð að fara úr héraðinu. Hann átti þar hús og hringdi í Jón og bauð honum héraðið og húsið. Mig langaði að fara á æskulóðirnar, en Jón afþakkaði. Honum þótti vænt um fólkið í héraðinu og þekkti þar hvert mannsbarn. Héraðið var nú blómlegt, og þrátt fyrir ýmsa árekstra hefur hann kunnað að meta andstæðingana og ekki viljað skipta á þeim og öðrum. Við áttum þarna þrátt fyrir allt marga glaða og góða stund.



Systurnar Anna, Jódís og Jórunn, detur Jóns og Valgerðar.

Einkaeign.

En nú fór hann að þreytast og heilsan að bila. Hann fór að athuga að kaupa hús í Reykjavík og hætta læknisstörfum. Tvö af börnunum voru komin til Reykjavíkur, þ.e. elstu dæturnar tvær, og Sigurður, sem tekið hafði ástfóstri við vélar eftir kynni sín af þeim í frystihúsinu á Kópaskeri, var að fara. Hann ætlaði að verða vélstjóri. Anna, elsta dóttir okkar, fékk góða skrifstofuvinnu að loknu verslunarprófi árið 1937 og kynntist þá Lárusi Jóhannessyni lögmanni, sem var skólabróðir Jóns. Hún bað hann að athuga um hús fyrir Jón. Þær systurnar, Anna og Jórunn, leigðu þá stofu í nýbyggðu húsi, Suðurgötu 15. Sigurður Jónsson átti það hús þá. Lárus hafði þetta hús til sölu og ráðlagði Jóni eindregið að kaupa það. Þetta er stórt hús, þrjár fjögurra herbergja íbúðir á þrem hæðum, og tveggja herbergja íbúð í kjallara ásamt þvottahúsi og geymslum. Húsið kostaði 80 þúsund krónur og útborgun átti að vera 10 þúsund, hitt skuldabréf með afborgunum. Þetta þótti mjög dýrt og var svimandi upphæð fyrir okkur. Eftir miklar vangaveltur og athugun á getu til að standa undir þessu var húsið keypt í apríl 1939, meðal annars af því, að þá var gengisfelling yfirvofandi. Hernámið var svo 10. maí 1940. Þá leit illa út, því að Þjóðverjar voru að sökkva skipum hér upp við landsteina og voru allir hræddir um, að þeir sprengdu miðbæinn í Reykjavík upp. Margir fluttu úr miðbænum og byggðu sumir sumarbústaði í nágrenninu. Það var því mikil áhætta að kaupa hús á slíku hættusvæði. Ekki var heldur álitlegt fyrir okkur að flytja út í þessa óvissu meðan stríðið stóð yfir, svo Jón hélt áfram að vera læknir fyrir norðan, þó að hann væri þreyttur orðinn og ýmislegt annað, sem



Jón Árnason læknir um fimmtugt.

Einkaeign.

fjölskyldan vildi gjarnan komast hjá að þola lengur. Þetta dróst of lengi, því að Jón veiktist á gamlaárskvöld árið 1943.

Ég var búinn að leggja á borð og gera hátíðlegt eins og venjulega þegar hann kallaði mig inn í apótek og sagði mér að hann treysti sér ekki til að sitja til borðs með okkur. Hann fór í rúmið, en hann hafði þá um daginn farið ferð í vondu veðri, eins og svo oft áður, og kom kaldur og veikur heim. Það fór nú þarna eins og svo oft áður, ekki var hægt að koma honum í góðar læknishendur, engar samgöngur, engin skip á ferðinni, sem sé allar bjargir bannaðar. Læknir var sóttur til Þórshafnar, en það var ungur læknir, sem hafði tekið við af Eggert Einarssyni. Læknirinn sagði þetta vera svæsna lungna-bólgu og engin meðul dugðu. Jón andaðist 10. janúar 1944. Allir héraðsbúar reyndust mér vel og söknuðu hans mikið.



Sveinn Jónsson prentari.

Einkaeign.

Seinna í þessum mánuði var Sveinn sonur minn, 12 ára, í barnaskóla að renna sér á hestasleða ásamt fleiri krökkum. Einhver misskilningur kom upp á milli þeirra, sem stýrðu sleðanum svo að hann lenti á staur og Sveinn lærbrotnaði. Þá varð aftur að sækja lækni til Þórshafnar. Hann gerði að brotinu, en fór síðan heim. Enginn var til að fylgjast með brotinu, en mér fannst það ekki hafast nógu vel við og var hrædd um að eitthvað væri athugavert við það. Ég ákvað því að fara með drenginn til Reykjavíkur og koma honum á spítala. En þá fór eins og fyrri daginn, það var engin skipsferð og vond tíð. Seinast kom einhver smádallur, sem var að fara til Siglufjarðar, en þangað átti einn af Fossunum að koma á svipuðum tíma. Ég réðist því í að taka dallinn til Siglufjarðar.

Smíðaður var kassi utan um drenginn, og við vorum flutt í þennan bát og komið fyrir á þilfarinu, því að kassinn komst ekki annars staðar fyrir. Breitt var yfir okkur segl til að forðast ágjöf. Báturinn kom við á Húsavík til að taka tunnufarm. Sveinn var fluttur í land í kassanum og við biðum þar meðan þilfarið var hlaðið tunnum. Síðan var kassinn með drengnum fluttur um borð og settur upp á tunnufarminn og reyrður niður. Við komumst samt klakklaust til Siglufjarðar og fórum þar um borð í Goðafoss, en kassinn komst þá hvergi fyrir nema í reykingasalnum, en ég fékk gott pláss. Við fengum ofsaveður á leiðinni suður og svo vont fyrir Horn, að kassinn með dregnum hentist út á gólf og hann úr kassanum. Allir voru sérlega góðir að bjarga þessu við, og við komumst alla leið með guðs og góðra manna hjálp. Sveinn var lagður inn á Landakotsspítala. Þar þurfti að laga brotið verulega. Það hafði ekki gróíð rétt saman og fóturinn var styttri, en svo vel tókst til með þetta hjá þeim, sem fóru með hann, að hann varð jafngóður með tímanum.

Þegar drengurinn var nú kominn í góðar læknishendur og systur hans hér búsettar, þá fór ég að hugsa til heimferðar og fékk pláss með strandferðaskipi, sem fór austur fyrir land, því að ís var fyrir öllu Vesturlandi, og engin skip komust þá leið. Þetta gekk allt vel þar til komið var í Þistilfjörð. Þá hafði ísinn komist þangað og skipið varð að snúa við og fara aftur til Reykjavíkur. Ég varð að biða í Reykjavík í nokkurn tíma. Björn Kristjánsson var þá á þingi og þurfti að komast norður. Ég talaði við hann, því að ég vissi, að hann fylgdist betur með ferðum en ég, en ekki var nema um ferðir á sjó að ræða. Hann var mjög fús að láta mig vita, ef úr

rættist. Loks fengum við ferð. Ísinn hafði hreyft sig. Við fengum far með skipi til Húsavíkur. Þar fékk Björn hesta og við fórum ríðandi á þeim yfir Reykjaheiði til Kópaskers.

Mikil vinna beið mín, þegar ég kom norður. Ég þurfti að selja allt, sem ég hafði ekkert með að gera í Reykjavík. Einnig að semja um sölu á apótekinu og læknisáhöldunum, sem héraðið vildi kaupa handa næsta lækni, selja túnið, kýrnar og vindrelluna, sem við höfðum keypt til að hafa rafmagn. Setja þurfti á uppboð allt, sem að búskap laut, og sumt af innanstokksmununum, þar á meðal hjónarúmið góða. Ég flutti ekkert með mér nema borðstofuhúsgögnin og píanóið. Ég heyrdi, að oddvitenum hafði þótt ég nokkuð dýr á hlutunum sem ég seldi, en Helgi bóndi í Leirhöfn hafði þá sagt með miklum myndugleik: „Þið borgið bara það sem hún setur upp.“ Eins og venjulega var vísað á Kaupfélagið með allar greiðslur fyrir það, sem ég seldi. Það gekk allt snurðulaust og mér var sýnd mikil tillitssemi og hjálpsemi á alla lund. Konur færðu mér fagran silfurskjöld með áletruninni: „Með virðingu og þökk frá konum í Öxarfjarðarhéraði.“

Nú kom sér vel að við höfðum lagt í að kaupa húsið í Reykjavík. Það var allt í leigu og Anna sá um það að öllu leyti. Ég þurfti að fá eina hæðina um vorið fyrir mína stóru fjölskyldu og þá varð að segja fólkinu upp með þriggja mánaða fyrirvara. Þegar til kom, neitustu hjónin sem bjuggu í þessari íbúð að fara. Það voru vel efnuð hjón, sem áttu sjálf nóg húsnaði fyrir sig, en bjuggu í Suðurgötunni í ódýrri húsaleigu. Þá voru húsaleigulögin við lýði, svo að ekki mátti hreyfa við neinum. Ég varð að fá vottorð um, að ég ætti ekki



Valgerður Sveinsdóttir heldur ræðu og kveður héraðsbúa á samkomu í Lundi vorið 1945.

Ljós.m.: Sveinn Jónsson.

húsið fyrir norðan, en það var eina leiðin til að ég kæmist inn í mína eigin íbúð. Þessi hjón sátu sem fastast þangað til þeim var hótad útburði, en það var viku áður en ég kom suður með búslóðina og börnin, þann 7. júlí 1944.

Ekkjur embættismanna utan af landi áttu mjög erfitt uppdráttar á þessum árum, þegar þær komu til Reykjavíkur. Oft blasti við þeim atvinnuleysi, og ég vissi til, að þeim þótti gott, ef þær fengu að gera skrifstofur hreinar eða önnur slík störf. Þessi störf og önnur álíka voru mér mjög fjarstæð. Ég fór nú alvarlega að hugsa um framtíð mína með fjóra unglinga, sem áttu eftir langt nám í framhaldsskóla. Ég var svo heppin, að öll mín börn skildu vel

*Húsið Suðurgata 15 í
Reykjavík. Saumastofan
var í kjallara ásamt sel-
getisgerðinni Völu þar sem
framleididdar voru kókosbollur.*

*Anna dóttir Valgerðar og
Jóns bjó á efstu hæðinni með
manni sínum Ólafi Jóhanni
Sigurðssyni rithöfund, en
Sigurður Jónsson og Gyða
voru á miðhæðinni. Eftir að
Páll Sigurðsson lést fluttist
Valgerður einnig í húsið.*

Ljós.: Hjalti Pálsson.



aðstöðu mína og hjálpuðu mér á þann hátt að vera ekki með neinar kröfur, sem ekki þóssuðu við slíkar aðstæður.

Ég átti prjónavél, vefstól og spunavél með öðrum konum á Kópaskeri. Ég dreif mig því að spinna einspinnu þelband, sem ég notaði í nærföt á börn mín og fór með heilan ullarballa af því til Reykjavíkur í því skyni að framleiða ullarnærföt á börn í Reykjavík. Ég fór með prjónavélina mína og vefstólinn suður og fékk um haustið stúlkuna, sem hafði prjónað á vélina og var von því. Vefnaður var mín uppáhaldsiddja, og ég hugsaði mér að vefa, ef það hentaði betur til að framfleyta fjölskyldunni. Við hófumst handa um haustið, stúlkan prjónaði barnanærföt úr ullinni, sem ég kom með, og ég setti upp vefstólinn og hnýtti falleg smáteppi á gólf. Það var seinleg vinna og ekki líkleg til að gefa eins mikið í tekjur og nærfataframleiðslan, sem strax varð mjög arðvænleg. Ég hafði bara eina stúlkuna fyrsta veturinn á prjónavélinni. Nærfötin seldust svo vel, að við höfðum ekki undan að framleiða þau.

Ég hafði konur úti í bæ við að setja þau saman og borgaði þeim vissst á stykkið, en keypti svo samansaumingarvél og hafði fleiri stúlkur næsta vetur. Það var mikil vöruburrð og skömmtnun, og því þörf fyrir að framleiða íslenskan fatnað. Eins vantaði efni í handavinnu fyrir skólana. Ég fékk því stúlkunni til að vefa jafa² til að sauma í krosssaum, en það var eitt af því, sem vantaði í skólana. Prjónastofan mín varð fljótlega þekkt í bænum. Ég fékk síma og nafn í símaskrána svohljóðandi: *Prjónastofan Suðurgötu 15 (Valgerður Sveinsdóttir) sími 10536.*

Ég vann lítið sjálf að framleiðslunni. Ég hafði nóg með að hafa börn mín fjögur og húshjálp á heimilinu og stjórna prjónastofunni. Það var mikið prjónað úr lopa, peysur á börn og fullorðna, allavega litar. Ég bætti við stúlkum eftir þörfum og öll framleiðslan seldist jafnóðum, svo að ég sat aldrei uppi með neinar birgðir.

Börnin stóðu sig með ágætum. Þau voru reglusöm og dugleg og áttu alltaf öruggt og traust heimili, bæði fyrir

2 Jafi er gisofíð dúkefni til að sauma í.

*Valgerður uppábuin
í skóginum í Ásbyrgi
í Kelduhverfi.*

Einkaeign.



norðan og hér eftir að við fluttum suður. Systurnar Anna og Jórunn, sem búið höfðu saman í einu herbergi í húsinu áður, voru nú báðar giftar og áttu einn dreng hvor.³ Þær unnu báðar í Sjóvá.

Þegar Anna giftist gekk í miklum brösum við að losa sig við leigjendur, sem bjuggu á efstu hæðinni, en Anna þurfti að fá hana. Á þeirri hæð bjó Þórbergur Þórðarson, en hann var lítill fjármála- maður. Kona hans var því duglegri að sjá um þá hlið málsins. Þau höfðu fjögurra herbergja íbúð og leigðu tvö út frá sér svo dýrt, að þau höfðu frítt húsnæði sjálf. Þau hjón neituðu að fara úr íbúðinni og gátu það í skjóli húsaleigulaganna og

gekk þetta í þófi um hríð. Þá vildi það til að piltur, sem hafði eitt herbergi í íbúð þeirra, fékk Þórberg til að kvitta fyrir greiðslu á húsaleigunni. Frúin var þá ekki við, en Þórbergur hefur sjálf sagt fengið bágð fyrir hjá henni, því að þetta varð til þess að þau urðu að fara. Þetta var ekki leyfilegt. Anna og maður hennar fengu þá íbúðina nema eitt herbergi, sem elsti sonur minn Sigurður fékk.⁴

Jórunn bjó í Kirkjustræti með manni og barni. Hjá mér voru í íbúðinni minni Jódís, sem var í Verzlunarskólanum, Árni og Sveinn.⁵ Árni lærði húsgagnasmíði og fór síðan til Danmerkur og var þar í þrjú ár á tækniskóla. Hann varð húsgagna-

3 Maður Önnu var Ólafur Jóhann Sigurðsson (1918–1988) rithöfundur. Synir þeirra: Jón (f. 1943) og Ólafur Jóhann (f. 1962). Anna dó 22. febrúar 1995. — Jórunn Steinunn var tvígift; fyrri maður hennar var Sverrir Magnússon (1909–1990) lyfsali, þau áttu einn son, Gunnar Ægi (f. 1943). Seinni maður hennar var Rögnvaldur Ólafsson (1923–2004) skipasmíður. Börn þeirra: Anna Theodóra (f. 1953) og Ólafur (f. 1958). Jórunn dó 24. október 1987.

4 Sigurður kvæntist Gyðu Jónsdóttur (1930–1999). Synir þeirra: Ásgeir (f. 1961) og Jón Viðar (f. 1966). Sigurður á einnig dóttur með Auði Hauksdóttur: Ólöfu Lilju (f. 1961).

5 Jódís giftist Ólafi Ragnari Magnússyni (f. 1924), dætur þeirra: Valgerður Guðrún (f. 1950), Margrét (f. 1952) og Pála Kristín (f. 1957). Seinni maður hennar var Bogi Þórðarson (1917–2000). Jódís dó 21. febrúar 2012. — Kona Árna var Sigurlaug Jónsdóttir (f. 1927). Börn þeirra: Jón Þór (f. 1954), Páll (f. 1957), Ásdís (f. 1962) og Ragnar (f. 1968). Árni dó 1. desember 1983. — Kona Sveins er Sigurlaug Þórisdóttir (f. 1932). Synir þeirra: Þóroddur (f. 1956), Jón Garðar (f. 1957) og Þórður (f. 1966).



Hér sér á húshorn sumarbústaðarins við Þingvallavatn sem Valgerður keypti 1947. Hann var með útskornum ufsum og stóð ofan við Skálabrekkubæinn sem sést í fjarska, nær vatninu.

Ljósm.: Sveinn Jónsson.

arkitekt og á nú Verslunina Kúnst. Sveinn lærði prentlist.

Þegar ég hafði verið hér í tvö ár og setið í óskiptu búi, fannst mér tími til kominn að láta börnin mín hafa sinn föðurarf. Þá fékk ég lögfræðing heim og lét skipta búinu þannig, að þau fengu öll sinn hlut í húsinu að hundraðshluta, en þau börn sem ekki höfðu lokið námi, voru kostuð af þeim peningum, sem til voru við fráfalið föður þeirra að hálfu á móti mér. Þetta voru allir ánægðir með og var engin óánægja með þessa ráðstöfun mína. Þau voru öll, þessi þrjú sem komu með mér suður ásamt Sigurði, í heimili hjá mér meðan þau voru að ljúka námi. Húsið hækkaði mjög í verði, svo að börnin fengu síðar svo mikið úr sínum pörtum, að þau gátu fest kaup á íbúðum og gerðu það öll. Þau seldu hvert öðru sína parta. Anna keypti þá efstu hæðina, sem hún bjó í, Sigurður aðra hæðina, en ég átti fyrstu hæðina og kjallarann, sem ég tók undir þrónastofuna.

Þegar ég nú sá að hagur minn var góður, fór ég að veita mér það, sem efni mín leyfðu, án þess að stofna til skulda. Ég keypti dönsk húsgögn í dagstofu, afar

vönduð, en borðstofuhúsgögn átti ég fyrir. Svo sá ég í Mogganum að auglýstur var sumarbústaður við Þingvallavatn. Ég fór strax að athuga það mál, því að börninildu gjarnan fara úr bænum í sumarleyfum.

Gunnar Þorsteinsson lögfræðingur hafði þennan bústað til sölu, en hann var þá með lögfræðiskrifstofu. Einar Stefánsson skipstjóri átti þennan bústað ásamt konu sinni Rósu, en hún var systir fornvinar míns á Sauðárkróki, Jóhannesar Pálssonar. Einar og Rósa höfðu verið í bústaðnum á sumrin eftir að hann hætti skipstjórn. Bústaðurinn átti að kosta 20 þúsund krónur með veiðirétti í Þingvallavatni. Hann var í Skálabrekkulandi. Ég fór með Einari að sjá húsið og leist mjög vel á það. Það voru tvö herbergi og eldhús, góð upphitun, girt lóð, sem sagt allt í besta lagi, og Einar sagði, að þeim hjónum hefði liðið þarna mjög vel. Ég festi kaup á þessu húsi. Það var borgað út úr óskiptu búi, svo að börnin áttu það með mér. Þessi sumarbústaður hefur verið mikið notaður þessi 30 ár, síðan hann var keyptur, bæði af börnum mínum og barnabörnum

*Willys-jeppi Valgerðar, R-4862,
á blaðinu á Höfða sumarið
1951. Sá sem dælir í dekk er
Bragi Stefánsson frá Brekku í
Presthólahreppi. Bak við hann
grillir í son Valgerðar, Svein
Jónsson, sitjandi að sýsla við
slöngu. Sitjandi drengur er Jón
Ólafsson, dóttursonur Valgerðar.
Stúlkur sem fylgjast með eru
Rannveig Pálmadóttir frá
Reykjavík, Þóra Antonsdóttir
heimasæta og Þórleif Alexanders-
dóttir frá Siglufirði.
Ljós.m.: Sveinn Jónsson.*



og mikil ánægja með hann bæði fyrr og síðar. Næst var að fá farartæki. Það var ekki auðvelt á þessum árum, því að þetta var á skömmunartímabilinu. Ég vissi að bændur fengu jeppa og Hjalti Björnsson heildsali, sem verið hafði með mér á Sauðárkróki í unglingaskóla, hafði með þessa jeppasölu að gera, ásamt Páli Einarssyni í Stilli. Ég fór nú að munga til við Hjalta og sagði honum að hann ætti að útvega mér jeppa, ég gæti bara látist vera bóndi. Hjalti, sem var líka sveitungi minn, tók þessu bara vel og af tilviljun gat hann útvegað mér jeppa, ágætis farartæki.

Strákarnir mínir tóku allir bílpróf og nú varð allt á fleygiferð á þessum jeppa, bæði til Þingvalla, eins til Norðurlands á sumrin í sumarfríum. Ég ferðaðist mikið með krökkunum og naut þess eins og þau. Þessi jeppi kostaði 15 þúsund krónur og ég borgaði hann ein. Svo keypti ég bát ágætan með utanborðsmótor til að fara á vatnið. Þetta var mikil útgerð og gleðiauki fyrir fjölskylduna.

Eftir einangrunina á Kópaskeri fór ég nú að skemmta mér af lífi og sál.

Það voru tvö heimili, sem ég umgekkst aðallega og mikið, Sveins Þórarinssonar listmálara og hans ágætu konu Karen Agnete, og vinkonur mínar í Baldursbrá. Við stofnuðum spilaklúbb fjórar, þ.e. Kristín frænka mín, Ingibjörg Eyfells, Karen Agnete og ég. Við spiluðum bridge einu sinni í viku hver hjá annarri allan veturinn og Sveinn Þórarinsson keyrði okkur á milli. Hann var alltaf jafn góður og glaður eins og kona hans hafði komist að orði. Ég gekk í Húsmæðrafélagið og kvennadeild Slysavarnafélagsins og gerði allt mér til skemmtunar. Ég notaði arðinn af þrjónastofunni til að gera mér lífið glatt.

Við Kristín frænka mín í Baldursbrá fórum til Englands. Frænka okkar, Sigrún, sem nú bjó í Edinborg, bauð okkur til sín. Kristín talaði ensku eins og innfædd, svo það var gott að ferðast með henni. Þetta var mér líkt og ævintýri. Princess Street, blómaklukkan og allt það sem ég sá þar í fyrsta sinn, var alveg dásamlegt, og þá má ekki gleyma búðargluggunum og öllum fatnaðinum í þeim eftir alla vörupurrðina



Valgerður í Reykjavík 1957 með Karen Agnete Þórarinnsson listmálara lengst til vinstri, frænku sinni, Kristínu Jónsdóttur í Baldursbrá og tengdadótturinni Sigurlaugu Þórisdóttur.

Einkaeign.

heima. Við keyptum mikið af fallegum fötum og allt var mér þetta framandi og ógleymanlegt. Ég átti eftir að fara oft út til Englands, því að systir mín, Björg, var búsett þar og maður hennar ók okkur víðsvegar um landið. Einnig fór ég til Norðurlandanna og með ferðafélagi frá Kaupmannahöfn alla leið til Parísar.

Ég hafði mikið barnalán. Þau voru dugleg og hagsýn og fóru nú að tínast að heiman með árunum sem liðu, öll vel fær um að sjá um sig og sína. Ég hélt áfram að reka mína þrónastofu þó fækkaði í heimili. Það var eins og hulin hönd stjórnaði öllu, sem ég tók mér fyrir hendur. Ég komst yfir alla erfiðleika, sem stundum voru nokkuð miklir.

Eftir að ég hafði skilið vel við börn

mín og var orðin ein, giftist ég aftur Páli Sigurðssyni, þá tryggingaryfirlækni, þann 27. júní 1953. Hann var heimilislæknirinn minn eftir að ég fluttist suður og var nú ekkjumaður. Við höfðum lengi verið vel kunnug, en hann var áður læknir í Hofsósi og stundaði þabba minn seinustu árin. Páll var úrvalsmaður, og engan heyrði ég hallmæla honum. Ég var þá 58 ára og hafði verið ekkja í níu ár, en hann var 61 árs. Páll átti fallett einbýlishús á Hávallagötu 15 og ég fluttist nú til hans. Hann átti mikið og fallett innbú, svo ég seldi húsgögnin mín og leigði íbúðina. Páll átti engin börn, en hinsvegar tvær fósturdætur. Önnur þeirra kom heim frá Ameríku með barn á fyrsta ári, en dó frá því viku eftir að



Fjölskyldumynd tekin við brúðkaup Valgerðar og Páls Sigurðssonar leknis. Sitjandi frá vinstri: Jörunn með dótturina Önnu Theodóru Rögnvaldsdóttur, Páll, Valgerður, Kristín Jónsdóttir í Baldursbrá með dóttur Jódísar, Valgerði Ólafsdóttur. Standandi frá vinstri: Ólafur Jóhann Sigurðsson rithöfundur, maður Önnu, Anna Jónsdóttir, Ólafur Magnússon maður Jódísar, Sigurður, Jódís, Rögnvaldur Ólafsson maður Jörunnar, María Antonsdóttir fósturdóttir Páls leknis, Árni og kona hans Sigurlaug Jónsdóttir.

Einkaeign.

hún kom heim.⁶ Hin fósturdóttirin⁷ tók barnið að sér, en svo fór, að það kom í minn hlut að ala það upp ásamt Páli. Þetta var tveggja ára stúlka og heitir Helen Soffía Leósdóttir.⁸ Hún fékk sama uppeldi og börn mín, var tekin sem eitt af þeim. Sama er að segja um mín börn, þau nutu sama ástríkis hjá Páli eins og þau væru hans börn og þeim þótti öllum

vænt um hann. Við Páll lifðum saman í farsælu hjónabandi í 16 ár. Hann andaðist 21. maí 1969. Síðasta árið lá hann á Landakotsspítala. Ég hafði þá heilsu til að vera hjá honum daglega.

Ég var nú orðin 73 ára gömul og ekkja í annað sinn. Við Páll höfðum gengið þannig frá fjármálum okkar, að fósturdætur hans erfðu hann og mín börn

6 Soffía Pétursdóttir (2. 9. 1925–6. 9. 1951). Foreldrar hennar voru Pétur Jónsson (1892–1964) frá Valadal og Þórunn Sigurhjartardóttir (1890–1930).

7 María Antonsdóttir (1929–2001), fædd á Hofsósi. Foreldrar hennar voru Anton Guðmundsson (1896–1962) frá Bræðraá, húsgagnasmiður á Siglufirði, og Marta Friðriksdóttir (1904–1941).

8 F. 22. 4. 1951.



Helen Soffía Leósdóttir, fósturdóttir Páls Sigurðssonar og Valgerðar.

Einkaeign.

mig, en ég gat þó búið á Hávallagötunni meðan ég lifði, ef ég óskaði þess. Húsið á Hávallagötunni var stórt og þar að auki var þar fallegur garður, sem þarfnadist mikillar umhirðu. Ég var farin að þreytast og heilsan ekki söm og áður. Ég kaus því að flytja aftur í Suðurgötuna.

Búinu var skipt og Sigurður sonur minn, sem átti aðra hæðina í Suðurgötu 15, keypti húsið á Hávallagötunni og lét sína hæð upp í kaupin. Helen Soffía fékk hæðina í sinn hlut, en María, eldri fósturdóttirin, kjallarann á Hávallagötunni (en þar var íbúð), ásamt peningagreiðslu.


Við Helen Soffía fluttum í Suðurgötuna á hennar hæð. Hún var þá ófrísk 17 ára gömul og eignaðist á aðfangadag 1968 dóttur, sem var skírð Kristín. Unnusti Soffíu⁹ lést, þegar barnið var á fyrsta ári, og hún fékk vinnu í Tryggingastofnun ríkisins. Ég hafði barnið meðan Soffía var í vinnu, þangað til það hafði aldur til að fara á dagheimili, en það tók ár að koma því þar inn.

Ég hafði hætt að reka prjónastofuna meðan ég var gift Páli, en Anna dóttir mín tók við henni og hún er nú á hennar nafni. Prjónastofan gengur eins vel eða betur síðan Anna tók við henni, alltaf nóg sala, en allt auðveldara, því að nú fæst garn, sem ég hafði aldrei meðan ég rak hana, fyrr en á allra seinustu árum. Svo eru prjónavélnar nú reknar með rafmagni, sem sparar vinnufólk. Anna býr enn á efstu hæðinni með manni sínum og yngra syni.

Árið 1974 giftist Helen Soffía traustum manni, Jakobi Ólafssyni, og á með honum dreng, sem nú er eins árs og heitir Páll. Ég var hjá þeim fyrst í stað, en flutti síðan niður á fyrstu hæð til að losna við stigagöngu, því að ég var mjög þjád í fótunum.

Á meðan Páll lifði, kom Sveinn bróðir minn eitt sinn sem oftast í heimsókn til okkar á Hávallagötuna, og Páll spurði hann þá, hvort honum fyndist ég ekki hafa staðið mig vel. Sveinn leit þá stríðnislega á mig og svaraði: „Læknarnir hafa nú alltaf séð fyrir henni.“ Mér fannst þetta fráleitt, en samt rifjaðist þetta upp fyrir mér, þegar ég kynntist læknisþjónustunni hér í bæ eftir lát Páls. Ég hafði um tíma engan heimilislækni eftir að Páll dó. Hann var

9 Magnús Magnússon (1949–1970), frá Ísafirði, iðnskólanemi Reykjavíks.



Páll Sigurðsson læknir.

Einkaeign.

góður læknir og lagði sig allan fram til þess að ég þyrfti aldrei að fara á spítala, en því er ég mjög fráhræf.

Jón, fyrri maður minn, bjargaði mér á sínum tíma, þegar ég hafði fengið blóðtappa í lungu eftir barnsburð. Ég fékk kransæðastíflu meðan ég var gift Páli, sem ég komst yfir með hjálp hans og annarra lækna, sem hann kallaði til að athuga mig líka. Ég hafði líka æðaprengli og Páll lét mig hafa Nitrong, sem ég nota daglega. Eftir að Páll dó, fékk ég æðabólgu í fætturna og kvalir í annan fótinn. Ég frétti um skurðlækni, sem væri sérlega fær á þessu sviði. Ég fór til hans og hann losaði mig við þessar æðar í fætinum, sem höfðu kvalið mig, og ég hafði frið um tíma.

Svo fór eins með hinn fótinn. Ég, í

minni fáfræði um kerfið, hafði mikið fyrir því að ná tali af þessum skurðlækni, sem var ósköp elskulegur og lofaði að taka mig eins fljótt og hann gæti. Ég talaði síðan við hann annað slagið, og hann lofaði öllu fögru; þegar slysavaktin væri úti, gæti hann tekið mig. Það tók heilt ár að bíða eftir þessu og biðinni lauk ekki fyrr en Þorgeir Gestsson kom til skjalanna, en hann var svo elskulegur að vera heimilislæknir minn, þó að hann væri búinn að fylla hjá sér af sjúklingum. Þorgeir kom mér strax inn á slysavakt, en þá var skurðlæknirinn farinn í sumarfrí, án þess að gera neitt til að hjálpa mér.

Svo bregðast krosstré sem önnur tré, hugsaði ég bara þegar stúlkan hringdi í mig og sagði að nú fengi ég pláss á spítalanum. Ég vissi að skurðlæknirinn var farinn og spurði hver ætti að skera mig upp. Hún sagði að aðstoðarlæknirinn gerði það. Ég var lengi á báðum áttum, því að ég hafði ekki trú á öðrum en þeim, sem gerði fyrri aðgerðina, síst ungum lækni, en þorði ekki annað en að taka þessu og allt gekk vel, þessi ungi læknir var vel fær um að gera þetta. En lengi kvaldi mig hræðslan við að kannski hefði aðgerðin mistekist.

Já, kerfið, ég vissi það seinna, að heimilislæknir þurfti að gefa tilvísun, en ég hafði engan heimilislækni þá og hélt að þetta væri rétta leiðin, að fara beint til skurðlæknisins. Þegar ég hitti hann aftur eftir sumarfríð, en þá kom hann til að athuga fótinn, sem reyndar var í lagi, fékk hann sinn skammt af vanþóknun minni á framkomu hans að lofa því, sem hann ekki stóð við. Ef hann hefði sagt strax, að hann ætlaði ekki að gera þetta, hefði ég leitað annað en ekki kvalist í heilt ár. Ég man ekki hvað ég rausaði, en ég var reglulega reið. Læknarnir hlustuðu á og enginn

sagði neitt. Læknirinn var ljúfmennskan sjálf og gaf mér resept á teygjusokk til að hafa um fótinn. Ég hrífsaði af honum reseptið og strunsaði út án þess að kveðja.

Ég er nú orðin 81 árs gömul og bý enn á hæðinni minni. Ég er búin að setja þar upp notalegt elliheimili fyrir mig eina. Ég hjálpa mér sjálf að öllu leyti nema að ég fæ stúlku einu sinni í viku til að þrifa, og mér er fært allt heim, því að ég get ekki gengið lengur úti óstudd. Ég spila bridge einu sinni í viku á Hallveigarstöðum og Anna dóttir mín ekur mér þangað og sækir mig. Börnin mín eiga öll bíl og taka mig út þegar ég óska þess. Ég fæ oft heimsóknir, bæði af börnum, barnabörnum og vinum. Barnabörnin eru 17 og langömmubörnin eru orðin 8. Kristín, dóttir Helenar Soffiu, átta ára, er mikil vinkona mín og sefur inni hjá mér á næturnar. Hún er fús til þess, við höfum verið saman frá því að hún fæddist. Mér finnst öryggi í því að vera ekki ein, þó að ég hafi síma.

Ekkjur þurfa stundum að bregða sér í karlmannslíki, það finn ég vel og á ekkert bágt með það. Ég held að enginn hafi þorað að misbjóða mér í mínu ekkjustandi og að ég hafi haldið fullri virðingu og vinsemd, þrátt fyrir mitt stóra skap, sem ég beiti þegar mér finnst það eiga við. Annars leiðist mér allt nöldur og smámunasemi. Það getur verið að einhverjum sé illa við mig, en mér er ekki illa við neinn og hefur aldrei verið. Ég er sátt með sjálfri mér við aðra, því að ég hef alltaf látið í ljós vanþóknun mína strax, ef einhver hefur verið, í stað þess að byrgja hana inni. Krakkarnir mínir voru vanir að segja að ég gysi, en svo varð allt gott aftur.



Valgerður á efri árum.

Einkacign.

Ég hef verið gæfumanneskja og haft mikið barnalán. Ég hef þá trú, að sumir séu fæddir til gæfu, en aðrir ógæfu, sú skapgerð, sem úrslitum ráði, sé meðfædd. Ég hef alltaf verið hagsýn og raunsæ, séð hlutina í réttu ljósi og ekki hætt mér út á hála braut, heldur kunnað að velja þann veg, sem var til gæfu. Þó hef ég oft verið fljótfer og gert vitleysur, en ég hef lært að gefa mér tíma til að hugsa um vandamálin og þá dettur mér alltaf einhver lausn í hug.

Oft hefur verið svart framundan, en allaf hefur ræst úr. Stundum finnst mér ég varla vera sjálfráð, að það sé eitthvað, sem stjórni lífi mínu, eitthvað sem ég ekki þekki. En ég hef þá trú að guð hjálpi aðeins þeim, sem hjálpa sér sjálfir.

SKAGFIRÐINGABÓK er rit Sögufélags Skagfirðinga. Bókin hefur komið út frá árinu 1966 og flutt lesendum sögulegan fróðleik úr Skagafirði.

Hér birtist 35. hefti bókarinnar, efnismikið og ríkulega myndskreytt.

Efni bókarinnar er fjölbreytt. Fyrsta greinin er æviminningar Valgerðar Guðrúnar Sveinsdóttur frá Felli í Sléttuhlíð. Anna Dóra Antonsdóttir skyggnist til siðskiptaaldar í greininni Af Þórunni Jónsdóttur og Hrafn Brandssyni. Jón R. Hjálmarsson rifjar upp áhættusamar siglingar yfir Atlantshaf á stríðsárunum. Þá kemur áhugavert viðtal Hjalta Pálssonar við dr. Jakob Benediktsson frá Fjalli í Sæmundarhlíð. Ólafur Björn Guðmundsson frá Tungu í Gönguskörðum rifjar upp minningabrot frá bernskutíð, og Halldór Ármann Sigurðsson kemur á framfæri leiðréttingum við grein sína um Guðrúnu Ólafsdóttur á Bjarnastöðum í Unadal, sem birtist í 24. hefti Skagfirðingabókar. Þá kemur athyglisverð gáta eftir Sigurð Jónsson í Hróarsdal. Guðbrandur Þorkell Guðbrandsson og Hjalti Pálsson rekja sögu af sleða, sem gegndi margvíslegu hlutverki fyrir Skagfirðinga og Sæbjörg Freyja Gísladóttir fjallar um þjóðsagnasöfnun Jóns Árnasonar í grein sinni [Ó]skilgetnar dætur þjóðarandans. Loks segir Hjalti Pálsson frá strandi flutningaskipsins Tejo við Almenningsnef í Fljótum 1899.

Það er von ritstjórnar, að bókin og efni hennar falli lesendum vel í geð, og að þeir veiti áfram öflugan stuðning við útgáfu Skagfirðingabókar. – Hægt er að gerast áskrifandi að bókinni í síma 453 6640 eða með því að senda tölvuskeyti í netfangið: saga@skagafjordur.is



9 771670 306501

HÉR FYRIR OFAN er vetrarmynd er sýnir sumarhúsið Höfðakot í landi Höfða, eign Sigrúnar Stefánsdóttur og Jóns Ólafssonar, dóttursonar Valgerðar frá Felli.

FORSÍÐUMYNDIN er af Þórðarhöfða. Hann blasir við frá Felli í Sléttuhlíð, þar sem Valgerður Guðrún Sveinsdóttir ólst upp. Hjalti Pálsson tók myndirnar.